



3/4. tbl. • Mars/Apríl 2004

Áratugur breytinga

Ellefta Iðnþing Samtaka iðnaðarins var haldið föstudaginn 12. mars. Yfirskrift Iðnþings var: **Áratugur breytinga - EES samningurinn 10 ára.** Yfirskriftin vísar bæði til þess að EES samningurinn hefur verið í gildi í 10 ár en einnig til þess að Samtök iðnaðarins hafa starfað í 10 ár.



hefðbundnum iðnaði og skynsamlegra sé að mæta auknum þrýstingi á vinnu- markaði með innflutningi vinnuafis frekar en að flytja framleiðslu úr landi. Loks er í ályktuninni vikið að gildi nýsköpunar fyrir hagvöxt framtíðarinnar og tveimur lykilforsendum hennar sem eru góð menntun, ekki síst í verklegum greinum og raunvísindum, og fjármagn til nýsköpunar. Á báðum þessum sviðum hefur ríkisvaldið mikilvægu hlutverki að gegna.

Ályktun Iðnþings

Iðnþing sendir alltaf frá sér sérstaka ályktun sem felur í sér hvaða verkefni Samtök iðnaðarins telja brýnust eða rétt að vekja sértaka athygli á hverju sinni.

Í ályktuninni er bent á að með nýgerðum kjarasamningum sé teflt á tæpasta vað og til þess að standa undir þeim verði að auka framleiðni verulega. Ítrekað er að þær miklu verklegu framkvæmdir, sem framundan eru, geti leitt til samdráttar í

Úrslit í stjórnarkjöri


Formaður Samtaka iðnaðarins er kosinn til árs í senn. Helmingur stjórnar er kosinn hverju sinni til tveggja ára í senn. Almenn póstkosning fer fram dagana fyrir Iðnþing en úrslit eru kunngerð á þinginu sjálfu.

Allir félagsmenn eru kjörgengir og má

framhald bls. 3

Gjaldeyrstekjur Íslendinga

Rauntölur 1973 og 2003 - spá fyrir 2009



Meðal efnis:

Ritstjórnargrein

Afnemum tvöfalt kerfi neytluskatta



Iðnþing 2004

bls. 3 - 9



Félag vinnuvélaeigenda

50 ára afmæli

bls. 10 - 13



Landssamband bakameistara

Viðhorfskönnun

bls. 17



Byggingariðnaður

Veðurvarnir

bls. 18

Á ég að breyta í ehf.?

bls. 20



Svipmyndir frá árshófi SI

bls. 21 - 23



Íslenska ánægjuvogin

bls. 24



Afnemum tvöfalt kerfi neysluskatta

Á síðustu misserum hafa margvíslegar endurbætur orðið í skattkerfinu og enn frekari umbætur hafa verið boðaðar. Þetta er fagnaðarefni. Fækkun og breikkun skattstofna samhlíða lækkun skatthlutfalla er besta leiðin til þess að gera skatta réttlátari, bæta skattheimtu og tryggja skatttekjur. Stjórnvöld hafa boðað breytingar á skattlagningu matvæla. Þar gefst kjörið tækifæri til þess að afnema óréttláta mismunun, einfalda skattkerfið og draga úr skattheimtu sem bitnar þyngst á þeim sem lægstar hafa tekjurnar.

Skattlagning matvöru

Virðisaukaskattur er í tveimur þrepum, 14% og 24,5%. Flest matvæli eru í 14% þrepinu en alls ekki öll. Ávaxtasafar, kolsýrt vatn, maltöl, kökur, sætt kex, kakóduft, ídýfur, gosdrykkir og súkkulaði eru dæmi um matvæli sem bera 24,5% virðisaukaskatt.

Annar skattur, sem ekki er eins vel þekkur, er vörugjald. Vörugjöld eru lögð á marga flokka matvæla. Hér má nefna kaffi, te, súpur, sultur, súkkulaði, síróp, ávaxtasafa, súkkulaði, sælgæti, með og án sykurs, gosdrykki og rjómaís. Gjaldflokkar

vörugjaldsins eru fjölmargir og spanna frá 8 - 400 króna á hvert kíló eða lítra vöru sem á í hlut. Sum þessara matvæla eru í efra þrepi virðisaukaskattsins en önnur í því neðra.

Samtök iðnaðarins hafa lengi barist fyrir afnámi þessa fyrirkomulags. Þau vilja að öll matvæli séu í sama þrepi virðisaukaskatts og að vörugjöld á matvæli verði afnumin.

Bitnar á neytendum og framleiðendum

Núverandi skattlagning felur í sér mismunun sem bitnar á framleiðendum og neytendum. Hér er um að ræða umtalsverða tekjuöflun ríkissjóðs undir yfirsýningu neyslustýringar í þágu hollustu. Við nánari skoðun standast þau rök ekki. Fátt bendir til að þessi skattheimta dragi úr neyslu. Nægir í því sambandi að benda á að Íslendingar og Norðmenn drekka allra þjóða mest af gosdrykkjum en svo vill til að þeir skattleggja þá líka mest allra þjóða. Neysla kolsýrðs vatns stóreykst einnig þótt það sé skattlagt með sama hætti og gosdrykkir. Hvort tveggja er í hærra þrepi virðisaukaskattsins og ber vörugjald.



Þess að íslensk matarkarfa er dýrari en erlendar. Þar að auki benda hérlendar neyslukannanir til þess að þau matvæli, sem skattlögð eru sérstaklega með þessum hætti, vegi hlutfallslega þyngra í matarútgjöldum þeirra sem lægri hafa tekjurnar.

Stöðugt meiri alþjóðleg samskipti, viðskipti, samkeppni og ferðalög gera samannburð milli landa á verðlagi og þar með skattalegu umhverfi auðveldari og þau frávik sem eru á skattkerfum um leið meira áberandi. Tvískipting skattlagningar á matvæli og hið umfangsmikla vörugjaldskerfi eru lýsandi dæmi um það sem miður fer í íslenski skattlagningu og valda því að ýmsar vörur hér á landi eru óeðlilega dýrar þar sem um er að ræða dulda skattlagningu sem ekki er á allra vitorði.

Samstaða

Það er samstaða meðal þeirra sem koma að framleiðslu, dreifingu og sölu matvæla að löngu sé tímabært að einfalda og samræma skattlagningu matvæla.

Ingimundur Sigurpálsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, gerði þessi mál að sérstöku áhersluatriði í ræðu sinni á svokölluðum Skattadegi 13. janúar sl. og sagði m.a.: „...brýnna er að afnema skaðlega og neyslustýrandi skatta eins og stimpilgjöld og vörugjöld heldur en að lækka lægra skattþrep í virðisaukaskatti. Reglusetning um breytileg skattþrep í virðisaukaskatti er afar dýr og óskilvirk leið til þess að bæta hag heimilanna. Sú breyting á ekki að vera hluti af almennri stefnumörkun í skattamálum til lengri tíma enda er hún ekki niðurstaða rökræðna eða rannsóknna á því hvaða leiðir í skattamálum stuðli best að bættum hag þjóðarinnar. Stjórnvöld ættu því tvímælalaust að taka til endurskoðunar áform um lækkingu á lægra þrepi virðisaukaskatts og gaumgæfa fremur hvort ekki sé affarasælla að vinna að afnámi vörugjalda.“

Kjörið tækifæri

Það væru mikil mistök að auka enn á misrétti í skattlagningu matvæla með því að nota ekki tækifærið við fyrirhugaða breytingu á skattlagningu og samræma álagningu virðisaukaskatts og afnema vörugjöld. Samtök iðnaðarins skora á stjórnvöld að grípa tækifærið og hverfa frá tvöföldu kerfi neysluskatta á matvæli.

Jón Steindór Valdimarsson

Andstætt alþjóðlegri þróun

Hið séríslenska fyrirkomulag skattlagningar matvæla er í andstöðu við alþjóðlega þróun. Hvergi á Norðurlöndum, og sennilega í allri V-Evrópu, er matvælum skipt milli virðisaukaskattþrepa. Allt sem mönnum er ætlað að borða er sett í sama þrep. Fyrir fáum árum stigu Svíar þetta skref og leggja nú 12% virðisaukaskatt á öll matvæli. Vörugjöld á Íslandi stinga mjög í stúf við það sem annars staðar tíðkast. Flestar þjóðir eru sammála um að leggja beri vörugjöld á tóbak, áfengi, bensín og bíla. Á Íslandi hefur verið gengið mun lengra og eru vörugjöld lögð á fjölmarga vöruflokka, þ.m.t. margar tegundir byggingavara og matvæla. Danir og Norðmenn eru þeir einu sem enn halda úti vörugjöldum sem líkjast því sem hér tíðkast en Finnar hafa aflagt þau að mestu og Svíar með öllu.

Of hár matarreikningur

Matarreikningur heimilanna er verulega hærri en ella vegna þessa sérkennilega kerfis. Skattlagningin er ein af skýringum



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
3/4. töl. Mars - Apríl 2004
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 05.04.2004
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmöldum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmöldamenn eru vinsamlegast beðin að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Áratugur breytinga

framhald af forsíðu

kjósa hvern þeirra sem er en sú hefð hefur skapast að áhugasamir tilkynna um framboð og er þeirra þá sérstaklega getið í kjörgögnum.

Vilmundur Jósefsson gaf einn kost á sér til formanns og var kjörinn formaður í fimmta sinn.

Kosið var um þrjú sæti í stjórn og þar hlutu kosningu þau Halla Bogadóttir, Hreinn Jakobsson og Þorsteinn Víglundsson, sem tekur í fyrsta sinn sæti í stjórn Samtaka iðnaðarins. Fyrir í stjórninni voru Eiður Haraldsson, Guðlaugur Adolfsson, Hörður Arnarson og Sigurður Bragi Guðmundsson.

Þau sex, sem næst urðu í kosningunni taka sæti í ráðgjafaráði Samtaka iðnaðarins. Það eru Aðalheiður Héðinsdóttir, Baldur Guðnason, Bergsteinn Einarsson, Birgir Snorrason, Helgi Jóhannesson og Páll Freysteinnsson.

Viðhorfsrannsóknir

Sú hefð hefur verið að skapast á Iðnþingi að kynntar eru niðurstöður viðhorfsrannsókna sem IMG Gallup gerir fyrir Samtök iðnaðarins nokkrum vikum fyrir Iðnþing. Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SI, kynnti niðurstöðurnar. Spurt var um margvísleg efni, s.s. EES samninginn, Evrópusambandið og stöðu og horfur í iðnaði. Kannanir þessar er hægt að skoða í heild sinni á vefsetri Samtakanna en hér verður dregið á nokkur atriði.

Félagsmenn voru spurðir hvort þeir teldu að Samtök iðnaðarins stæðu sig almennt vel eða illa. Langflestir voru þeirrar skoðunar að þau stæðu sig vel. Aðeins 7% töldu þau standa sig illa.

Félagsmenn og almenningur voru á einu máli um að almenn áhrif EES samningsins á íslenskt samfélag væru jákvæð, 72% almennings en 82% félagsmanna.

Mikill meirihluti bæði félagsmanna og almennings er hlynntur því að teknar verði um aðildarviðræður við ESB, 63% almennings og 67% félagsmanna. Þegar kemur að spurningunni um hvort svarendur væru hlynntir eða andvígir því að taka upp evru í stað krónu var mikill munur á afstöðunni. Um 55% félagsmanna voru hlynntir evru en 37% ekki. Hlutföllin snúast við hjá almenningi, 37% voru hlynnt en 54% andvíg. Loks var spurt um stöðu og horfur í iðnaði og má segja að niðurstöðurnar

bendi til hóflegar bjartsýni fyrir komandi ár.

EES samningurinn 10 ára

Að vanda var gestum Iðnþings boðið til hádegisverðar en strax að honum loknum flutti nýkjörinn formaður, Vilmundur Jósefsson, ræðu sína og í kjölfar hans iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir.

Sérstakir gestir á Iðnþingi voru þrír valinkunnir menn sem allir fjölluðu um EES samninginn 10 ára, hver frá sínu sjónarhorni. Fyrstur talaði Árni Magnússon, félagsmálaráðherra, um frjálsa för launþega og breytingar á vinnumarkaði, þá Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka hf., um fjárfestingar og fjármagnsflutninga og loks Einar Páll Tamimi, lektor við Háskólann í Reykjavík og forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar HR, um stöðu smáríkja í Evrópusamstarfi. Óhætt er að fullyrða að allir hafi þeir lokið upp einum munnni um að EES samningurinn hafi orðið til góðs þann áratug sem hann hefur verið í gildi.

Iðnþing var vel sótt en því lauk með glæsilegu árshófi um kvöldið. Veislustjóri var Sigurður Bragi Guðmundsson en ræðumaður kvöldsins var Sigurður Guðni Sigurðsson. *Jón Steindór Valdimarsson*

Nýr liðsmaður í stjórn SI



Þorsteinn Víglundsson er nýr liðsmaður í stjórn Samtaka iðnaðarins. Hann er fæddur í Reykjavík árið 1969 og er stjórn málafræðingur frá Háskóla Íslands.

Þorsteinn var blaðamaður á viðskipta- blaði Morgunblaðsins árin 1995-1997, yfirmaður greiningardeildar Kaupþings frá 1998-2000, deildarstjóri hjá Kaupthing Bank Luxembourg frá 2000-2002 og stjórnarformaður Lánstrausts 1999-2001. Þorsteinn á nú sæti í stjórn Sementsverksmiðjunnar hf. Hann hefur verið framkvæmdastjóri BM Vallár frá 2002.

Ályktun Iðnþings

Tekist hafa kjarasamningar sem ætla má að marki stefnu fyrir kjarasamninga sem fylgja í kjölfarið. Eins og áður er teft á tæpastu vað í þessum samningum, sérstaklega ef tekið er mið af þröngri stöðu samkeppnisgreina og miklum launahækkunum undanfarin ár. Laun á Íslandi, sem hlutfall af virðisauka, eru orðin með því hæsta sem þekkt á byggðu bóli.

Gera má ráð fyrir nokkru launaskriði og að verðbólgan fari í allt að 4% á næstu árum, sem eru efri mörk verðbólgu markmiða. Fyrirtækin verða að auka framleiðni verulega til þess að geta staðið undir þessum samningum.

Framundan er mikil fjárfesting í stór- iðju, gengi íslensku krónunnar verður hátt og vextir verða háir. Við þessar aðstæður er líklegt að hefðbundinn iðnaður dragist saman og störfín færast í auknum mæli úr landi eða erlendu verkafólki fjölgi hérlendis á næstu árum. Síðari kosturinn er tvímælalaust vænlegri.

Á undanförunum árum hafa íslensk fyrirtæki, sem byggjast á hátækni og hugviti, sótt fram á erlendum mörkuðum og náð ótrúlegum árangri á sviðum sem fæsta hefði áður órað fyrir. Forsendur þess árangurs eru frumkvöðlar, góðar hugmyndir, þrautseigja, menntun og þolinmótt fjármagn. Taka verður mið af þessum þörfum atvinnulífsins.

Tilfinnanlegur skortur er á velmenntuðu fólki á sviði iðn-, verk-, tækni- og raungreina. Gera verður átak til þess að bæta hér úr.

Ríkið hefur með réttu dregið sig af bankamarkaði. Það hefur hins vegar mikilvægu hlutverki að gegna til að tryggja fjármagn til nýsköpunar. Þar eiga lífeyrisjóðir einnig að leggja sitt af mörkum. Brýna þörf ber til að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins verði eflur og gerður að öflugum framtaksfjárfesti. Reynslan sýnir að sprotar eru lengi að vaxa en þeir eru engu að síður forsenda fyrir hagvexti framtíðarinnar.

Útdráttur úr ræðu Valgerðar Sverrisdóttur, iðnaðarráðherra, á Iðnþingi

„EES-samningurinn eðlilegt svar við kalli tímans“

Í upphafi ræðu sinnar á Iðnþingi sagðist Valgerður hafa það á tilfinningunni að tilkoma Samtaka iðnaðarins og EES-samningurinn hefðu verið eðlilegt svar við kalli tímans. Hvort tveggja hefði átt sér rætur í almennri kröfu í upphafi tíunda áratugarins um opnun viðskiptalífsins, aukinn hagvöxt, bætt lífskjör og skilvísari stefnumótun og framkvæmd á öllum sviðum. Það færi varla á milli mála að EES-samningurinn hefði markað straumhvörf í íslensku efnahagslífi. Það hefði komið fram í auknu frelsi, t.d. varðandi frjálst flæði vöru, þjónustu, fjármagns og fólks.

EES-samningurinn mikið gæfuspor

Valgerður sagði að samningurinn hefði verið mikið gæfuspor fyrir íslenskt samfélag. Samstarfið við Evrópuþjóðir væri okkur Íslendingum ákaflega dýrmætt og áhersla á að það ykist á næstu árum. Að mörgu leyti hefðu Samtök iðnaðarins verið í fararbroddi í að móta eigin hugmyndafræði í þeim efnum hér á landi og sú vinna hefði skilað miklum og góðum árangri. Við hefðum tekið til hendinni við endurbætur í eigin ranni og hinar stórkostlegu breytingar á fjármálamarkaði væru til vitnis um það. Gjaldeyrishöft hefðu verið afnumin og lög-gjöf fjármálamarkaðarins tekið stakka-skiptum og hann eflst svo um munaði og það hefði skilað sér til atvinnulífsins með ýmsu móti. Það sæist best á þeim gríðarkrafti sem hefði verið leystur úr læðingi við einkavæðingu bankanna og þeirri útrás sem hefði verið henni samfara.

Þeir væru ófár sem óttuðust að samþjöppun á tilteknum sviðum atvinnulífsins



gæti leitt til tímabundins óhagræðis fyrir neytendur og þær áhyggjur væru ekki ástæðulausar en hún teldi þó að allir sæju að vextir og önnur almenn viðskiptakjör yrðu að vera sambærileg við það sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Fjárhagsvandi Nýsköpunarsjóðs

Ráðherra sagði að nýsköpun atvinnulífsins hefði átt nokkuð undir högg að sækja undanfarin ár. Nýsköpunarsjóður hefði verið einn helsti burðarstólpi nýsköpunar frá því að hann tók til starfa árið 1998. Hann hefði fjárfest í um 100 fyrirtækjum og ætti nú eignarhlut í 70 fyrirtækjum. Staða sjóðsins væri hins vegar mjög erfið um þessar mundir og geta hans til að sinna hlutverki sínu lítil. Iðnaðarráðuneytið hefði reynt að finna lausn á því í samvinnu við aðra aðstandendur sjóðsins og þess væri að vænta að frumvarp þess efnis yrði lagt fram á Alþingi á næstunni. Tilgangurinn væri að efla starfsemi Nýsköpunarsjóðs til að hann gæti sinnt hlutverki sínu.

Starfsemi Tækniþróunarsjóðs ýtt úr vör

Valgerður sagði að það hefði lengi staðið atvinnulífinu fyrir þrífum að fjármagn til að styðja við tækniþróun og nýsköpun hefði verið af skornum skammti. Úr því hefði nú verið bætt og fyrir skömmu hefði verið auglýst eftir umsóknum um styrki úr Tækniþróunarsjóði og starfsemi sjóðsins þar með ýtt úr vör. Hlutverk hans væri að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar til að efla nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Ný rafaorkulög

Næst vék iðnaðarráðherra máli sínu að raforkumálum og sagði ár síðan Alþingi samþykkti ný rafaorkulög sem byggjast m.a. á tilskipun Evrópusambandsins um aðskilnað samkeppnis- og einkaleyfabátta í starfsemi raforkufyrirtækja. Valgerður sagði m.a. að á næstunni myndi hún mæla fyrir þremur frumvörpum um þau mál og hún vænti þess að það viðamikla mál yrði til lykta leitt á þessu þingi. Mikilvægt væri fyrir orkufyrirtækin og viðskiptavinum þeirra að eyða þeirri óvissu sem ríkt hefði um starfsskiptulag þessarar mikilvægu atvinnugreinar og hún sagðist sannfærð um að fyrirhugaðar breytingar yrðu öllum til hagsbóta.

Fjölbreyttara viðskiptaumhverfi

Valgerður sagði að viðskiptaumhverfið yrði sífellt fjölbreyttara. Fyrirtæki væru orðin öflugri og útrás íslenskra fyrirtækja hefði vakið mikla athygli. Hún taldi engan vafa leika á að þróunin síðustu 10 ár hefði leitt til betri lífskjara fyrir þjóðina. Sá góði árangur væri engin tilviljun því að markvisst hefði verið unnið að því að styrkja samkeppnisgrundvöll atvinnulífsins, laða hingað erlent fjármagn, auka fjárfestingar og efla fyrirtækin í landinu með breytingum á skattaumhverfinu. Aukin hagræðing og hraðar breytingar á eignarhaldi fyrirtækja hefðu hins vegar leitt til meiri samþjöppunar og minni samkeppni í einstökum atvinnugreinum

Valgerður sagðist nýlega hafa skipað nefnd um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis og henni væri m.a. ætlað að skoða hvernig bregðast mætti við aukinni samþjöppun og með hvaða hætti þróa mætti reglur þannig að viðskiptalífið væri skilvirkt og nyti trausts. Gert væri ráð fyrir að nefndin lyki störfum og skilaði tillögum eigi síðar en 1. september næstkomandi.

Að lokum óskaði Valgerður Samtökunum til hamingju með 10 ára afmælið og þakkaði fyrir gott samstarf þau ár sem hún hefði gegnt starfi iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Sjá nánar á vefsetri Samtaka iðnaðarins www.si.is

Þóra Kristín Jónsdóttir tók saman



Útdráttur úr ræðu Vilmundar Jósefssonar, formanns SI, á Iðnþingi

Samtök iðnaðarins slíta barnsskónum

Vilmundur sagði m.a. að Samtök iðnaðarins væru að slíta barnsskónum þótt þau stæðu á gömlum merg. Starf þeirra á liðnum tíu árum hefði verið farsælt og tekist hefði að sinna fjölbreyttum og gerólíkum þörfum og óskum félagsmanna. Hafa bæri í huga að innan raða SI væru 26 fagfélög og 275 fyrirtæki eða samtals 1100 rekstraraðilar. Félagsmenn kæmu úr öllum greinum iðnaðar allt frá handverki til stóriðju, frá þeim smæstu til hinna stærstu.

Stakkaskipti atvinnulífsins

Vilmundur sagði ekki fara milli mála að íslenska hagkerfið hefði tekið stakkaskiptum á sl. tíu árum. Hagvöxtur hefði aukist og ætti rætur að rekja til fjölbreyttari atvinnustarfsemi en áður. Ástæðurnar væru margþættar en tengdust fyrst og fremst breyttu starfsumhverfi fyrirtækja í kjölfar EES-samningsins. Hátæknigreinar hefðu verið í mikilli sókn og hlutdeild þeirra í framlagi iðnaðar til verðmætasköpunar hefði aukist úr um 3% í 16% á tíu árum. Það væri gleðilegt að Íslendingar væru í auknum mæli að beisla tækniframfarir og íslenska hagkerfið væri nú orðið mun áþekkara því sem þekktist í nágrannalöndum okkar.

Hlekkir hugarfarsins

Vilmundur sagði að hlutdeild einstakra greina í verðmætasköpun þjóðarþúsins hafa breyst mikið á tíu árum. Nú gegndi iðnaðurinn lykilhlutverki í verðmætasköpun þjóðarinnar. Það sýndi glöggfimmtingur landsframleiðslunnar en ekki síður að rösklega fimmti hver vinnandi maður starfaði í iðnaði. Þótt þetta blasti við væri engu líkara en að þeir sem ráða ferðinni í stjórn málum og fjölmiðlum vildu ekki trú á því. Viðfangsefni stjórn málamanna og fjölmiðla snerust fyrst og fremst um landbúnað og sjávarútveg. Svo ramt kvæði að þessu að í huga flestra yrði til alröng mynd af íslensku samfélagi. Kannanir bentu til þess að Íslendingar ofmætu stórkostlega hlut og mikilvægi sjávarútvegs í efnahagslífinu.

Mikilvægi EES-samningsins

Samningurinn um Evrópska efnahags-



svæðið væri ótvírætt langmikilvægasti og víðtækasti samningur sem Íslendingar hefðu gerð frá því að þeir tóku við stjórn eigin mála úr höndum Dana. Íslenskum lögum og reglum hefði þurft að breyta í mikilvægum atriðum og þær breytingar hefðu nú staðið í 10 ár. Því mætti segja með nokkrum sanni að ótrúlega stór hluti lagasetningarvaldsins á Íslandi væri nú í höndum ESB og aðildarríkja þess en ekki Alþingis.

Flestir sammála um ágæti EES-samningsins

Á sínum tíma hefði sitt sýnst hverjum um ágæti samningsins en flestir væru nú sannfærðir um ágæti hans eftir 10 ára reynslu. Þótt samningurinn hefði orðið íslensku atvinnulífi til góðs sannfærðust þó æ fleiri um að hann fullnægði ekki lengur kröfum og þörfum Íslands og Noregs og ógerlegt væri að gæta íslenskra hagsmuna vegna áhrifaleysis okkar við undirbúning og setningu reglna.

Vilmundur sagði tillit og þolinmæði gagnvart þeim, sem standa utan ESB, fara þverrandi og einhliða vilji Íslands til að halda lífi í ESB til lengdar skipti engu. Íslendingar yrðu að horfast í augu við að eina leiðin til að þeir og íslenskt atvinnulíf mættu njóta jafnstöðu í samfélagi Evrópuþjóða væri að ganga í ESB. Hún væri bæði hin eina færa en jafnframt sú skynsamlegasta. Hvert skref sem við hefðum stigið í átt til aukinnar Evrópusamvinnu hefði reynst heilladrjúgt. Stuðningur við aðild Íslands að ESB færi vaxandi að nýju, bæði meðal almennings og félagsmanna, frá því að Gallup gerði könnun fyrir Samtökin fyrir ári. Þess vegna ætti ekki að vera neitt hik á íslenskum stjórnvöldum að fara þá leið og ekki eftir neinu að bíða.

Háir vextir og hátt gengi plaga iðnaðinn

Vilmundur vék máli sínu því næst að vaxta- og gengismálum og sagði iðnaðinn og aðrar samkeppnisgreinar hefðu borið sig illa undan háum vöxtum undanfarin misseri. Háir vextir bitnuðu mest á heimilum og fyrirtækjum í alþjóðlegri samkeppni og fyrirtækin ættu erfitt uppdráttar vegna hárs raungengis sem hefði þegar frá miðju ári 2002 orðið til að draga úr útflutningi á iðnaðarvörum og framleiðsla hefði enn fremur flust úr landi en miklar launa-hækkanir hefðu einnig ýtt undir þá þróun.

Valdabrölt í bönkum

Vilmundur sagði ár mikilla sviptinga að baki og þar hefðu bankarnir leikið aðalhlutverk. Það væri mikið áhyggjuefni að bankarnir væru farnir að berjast um völd og áhrif í stærstu fyrirtækjum landsins og það væri óþolandi. Hins vegar hefðu flestir fagnað einkavæðingu og útrás bankanna en hitt væri lakara að sú stækkun virtist fremur skila sér í auknum hagnaði þeirra sjálfra en lægri vöxtum og lægri kostnaði viðskiptamanna þeirra.

Samkeppni og samþjöppun

Vilmundur sagði samkeppni og stækkun íslenskra fyrirtækja af hinu góða. Atvinnulífið þyrfti að hagræða í rekstri til að vera samkeppnisfært á opnum alþjóðlegum markaði. Hins vegar teldu Samtökin að stjórnvöld ættu ekki að stjórna því hvernig atvinnulífið þróaðist og inngrip eins og bann við samruna fyrirtækja ættu ekki að koma til greina nema í undantekningartilvikum þegar mikil hættu væri á samkeppnisröskun. Hins vegar gæti verið rétt að setja sérstakar reglur um markaðsráðandi fyrirtæki og hindra þau í að misnota aðstöðu sína.

Alþjóðavæðing nýttist smárikjum

Vilmundur sagði að smærri ríki innan ESB hefðu hagnast mest á frelsi í viðskiptum, skýrum leikreglum og stöðugleika í verðlagi og gengi en stórbjóðirnar væru sjálfum sér nógar um flest. Smærri ríkin höggnuðust meira en þau stóru á óheftum aðgangi að mörkuðum milljónaþjóða en

framh. bls. 9

Útdráttur úr erindi Árna Magnússonar, félagsmálaráðherra, á Iðnþingi

Frjáls för vinnuafis – breytingar á vinnumarkaði

Árni Magnússon gat þess að við undirbúning EES-samningsins á sínum tíma hefði verið farið yfir Evrópulöggjöf á öllum sviðum. Þá var ljóst að stærsta breytingin gagnvart vinnumarkaði fælist í gildistöku tveggja Evrópu-reglugerða um frjálsa för og almannatryggingar launafólks. Markmið þeirrar síðarnefndu væri að viðhalda rétti sem fólk hefði áunnið sér í almannatryggingakerfinu þótt það flyttist milli aðildarríkja EES-samningsins.

Samkvæmt fyrrnefndu reglugerðinni væri borgurum annarra aðildarríkja ESB heimilt að koma hingað til lands í vinnuleit án afskipta hins opinbera. Vinnumarkaðurinn hefði skyndilega orðið opin fyrir vinnuafli frá 11 aðildarríkjum ESB og það hefði sett ugg að ýmsum. Niðurstaðan hefði orðið sú að Ísland gerði sérstaka bókun um að íslensk stjórnvöld áskildu sér rétt til að grípa til aðgerða ef upp kæmi ójafnvægi á vinnumarkaði vegna mikils aðstreymis erlends vinnuafis til afmarkaðra landsvæða, starfsgreina eða atvinnugreina. Á sl. tíu árum hefði fjöldi erlendra ríkisborgara tvöfaldast en nú væri full ástæða til að ætla að aðstreymi fólks hingað til lands héldi áfram að aukast og því þætti rétt að nýta tveggja ára aðlögunarfrest sem stendur til boða skv. samningnum um stækkun ESB.

Allgöð sátt um hóflegan vinnutíma ungmenna

Árni fjallaði einnig nokkuð um aðra þætti Evrópulöggjafar á íslenskan vinnurétt, lög og reglur um aðbúnað, hollustu-hætti og öryggi á vinnustöðum. Tvær



tilskipunar hefðu einkum vakið athygli og umtal en þær lutu að skipulagi vinnutíma og vinnuvernd barna og ungmenna. Vinnutími á Íslandi hefði verið allt of langur en hefði styst undanfarin ár. Tilskipunin um vinnuvernd barna og ungmenna hefði raunar gengið þvert á þau viðteknú viðhorf á Íslandi að hæfileg þátttaka unglunga í atvinnulífínu væri af hinu góða. Ráðherrann sagðist þó telja að allgöð sátt hefði tekist um framkvæmd þeirrar tilskipunar sem heimilaði hóflega vinnu ungmenna.

Vaxandi áhrif Norðurlandþjóða í ESB á sviði félags og vinnumála

Árni sagði að áhrif Norðurlandþjóða Evrópusambandinu á sviði félags- og vinnumála hefði aukist og væru ef til vill sönnun fyrir auknum áhrifum þeirra í ESB. Sú róttæka breyting á tilurð Evrópulöggjafar á sviði félags- og vinnumála, sem átt hefði sér stað á allra síðustu árum undirstrikaði mikilvægi þess að íslensk heildarsamtök á vinnumarkaði tækju virkan þátt í Evrópusamstarfinu.

Litið til framtíðar

Árni sagði að á næstunni myndi reyna á hvort heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins næðu samningum um að innleiða til-

skipun Evrópusambandsins frá árinu 2002 um upplýsingar og samráð við starfsmenn í fyrirtækjum. Sú tilskipun legði þær skyldur á herðar atvinnurekenda að upplýsa starfsmenn m.a um fjárhag og afkomu fyrirtækis og sennilega framvindu á því sviði og hvort hugsanlegur samdráttur gæti leitt til uppsagna starfsmanna. Hann sagðist hafa gefið heildarsamtökum aðila vinnumarkaðarins frest til loka júní til að ná samkomulagi um framkvæmd tilskipunarinnar ella yrði lagafrumvarp samið á vegum félagsmálaráðuneytisins og lagt fyrir Alþingi næsta haust.

Félagslegt réttlæti fylgi auknu frelsi fjármagns

Þá fór Árni Magnússon, félagsmálaráðherra, nokkrum orðum um róttækar breytingar sem orðið hefðu á efnahagslífi heimsins. Við Íslendingar hefðum ekki farið varhluta af alþjóðavæðingunni og frjálsu flæði fjármagns en í hans augum væri ljóst að aldrei yrði sátt um aukið frelsi fjármagns nema því fylgdi félagslegt réttlæti. Þar bæru fyrirtækin ákveðna ábyrgð og yrðu að axla hana.

Við þessar aðstæður hefðu rótgróin fyrirtæki skipt um eigendur og bankar væru orðnir virkir þátttakendur í íslensku atvinnulífi með eignarhaldi sínu og beinum afskiptum. Það væri reyndar raunverulegt umhugsunarefni með hvaða hætti starfs-hættir viðskiptabankanna hefðu breyst á undanförunum árum og spurði sem svo hvort eðlilegt væri að einstakir viðskiptabankar verðu mestum kröftum sínum og fjármunum að brytja niður fyrirtæki í íslensku viðskiptalífi til hagnaðar fyrir sjálfa sig. Merki væru um hringamyndun í viðskiptalífínu og umsvif einstakra aðila í

framhald bls. 9



Útdráttur úr erindi Bjarna Ármannsonar, forstjóra Íslandsbanka, á Iðnþingi

Fjárfestingar og fjármagnsflutningar

Bjarni Ármannson sagði m.a. að á þeim 10 árum sem liðin væru síðan samningurinn um Evrópska efnahags-svæðið tók gildi hér á landi hefðu orðið gífurlegar breytingar á fjármálalífi á Íslandi. Frjálsir fjármagnsflutningar og opnara viðskiptaumhverfi hefði skapað grundvöll fyrir einu mesta framfaraskeiði í sögu lands og þjóðar.



með aukinni fjölbreytni og samkeppni og miklar framfarir hefðu átt sér stað á því sviði á undanförunum árum.

Aukið flæði fjármagns

Bjarni sagði m.a. að flæði fjármagns inn og út úr landinu hefði aukist mikið frá því að opnað var fyrir aukið frjálsræði á því sviði. Eignasafn innlendra aðila væri dreifðara en áður var og ávöxtun ætti að vera tryggari til lengri tíma lítið. Innlendir fjárfestar hefðu einnig fjárfest beint í erlendum rekstri og erlendum í innlendum. Þetta hefði fært með sér verðmæta reynslu og þekkingu á báða vegu.

Hagkerfið betur sett en áður

Opnun hagkerfisins og breytt umhverfi fjármagnsmarkaðar og hagkerfisins í heild með aðild Íslands að EES-samningnum hefði ekki síst lýst sér í hækkun á virði innlendra fyrirtækja. Úrvalsvísitalan hefði sexfaldast á þessu tíu ára tímabili og raunvaxtastigið gerbreyst. Nú væru raunvextir um helmingi lægri en við gildistöku samningsins og ættu enn eftir að lækka. Verðbólga hefði að jafnaði verið um 3% sl. 10 ár og teldist hófleg í samanburði við áratugin á undan. Stöðugleikinn skapaði mikla möguleika á hagvexti með aukinni framleiðni og meiri kaupmætti. Hagvöxturinn og kaupmáttaraukningin hér á landi sl. tíu ár sýndu að breytingarnar, sem gerðar hefðu verið á innlendu efnahagslífi samhliða aðild að EES-samningnum, hefðu skilað þjóðinni miklum ábata.

Styrkur og veikleiki felast í smæð landsins

Bjarni sagði að í smæð Íslands fælust bæði styrkur og veikleiki. Lítil heima-

framhald bls. 9

þennan tíma mætti helst bera saman við það framfaraskeið sem hófst fyrir réttum hundrað árum með heimastjórn á Íslandi og í kjölfar þess stofnun Íslandsbanka hins gamla og Fiskveiðisjóðs ári síðar. Þá hefði erlent fjármagn streymt inn í landið og grundvöllur lagður að þeim ótrúlegu efnahagsframförum sem Íslendingar áttu eftir að njóta á 20. öld.

Breytingar á fjármálamarkaði á sl. 10 árum

Bjarni sagði m.a. skipta mætti sl. tíu árum í þrjú tímabil - afnáms hafta, einkavæðingar og hagræðingar. Á árunum 1993-2004 hefðu orðið merkileg þáttaskil við stofnun millbankamarkaðar með gjaldreyri, fullu frjálsræði fjármagnshreyfinga til langs og skamms tíma og loks með lögum um beina erlenda fjárfestingu. Hins vegar stæðu enn nokkrar hindranir eftir svo sem bann við fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi. Árið 1998 hefði hafist tímabil einkavæðingar og minnkandi ríkisumsvifa á samkeppnismarkaði sem lyktaði með einkavæðingu ríkisbankanna í áföngum og þar með hefðu verið stigin mjög stór skref í einkavæðingu fjármálakerfisins á Íslandi þótt stærsti lánveitandi landsins, Íbúðalánasjóður, væri enn í höndum ríkisins.

Tímabil hagræðingar

Bjarni sagði rökrétt að í framhaldi af einkavæðingu tæki við tímabil hagræðingar. Reyndin væri sú að lítil hagræðing hefði átt sér stað í bankakerfinu í kjölfar einkavæðingar og tækifæri til lækkunar kostnaðar væru takmörkuð. Því væri ástæða til þess að brýna fyrir stjórnvöldum að standa vörð um þann árangur sem náðst hefði á undanförunum árum.

Breytingar í hagstjórn

Ljóst væri að ekki hefði verið nóg að opna landið fyrir erlendri samkeppni og að laga löggjöfina. Fleira hefði þurft til að íslenskt efnahagslíf stæðist samkeppni í hinu alþjóðavædda umhverfi. Brýnt hefði verið að hið opinbera skapaði skilyrði fyrir stöðugleika í íslensku efnahagslífi og tryggja þurfti að verðbólgan færi ekki af stað á ný og mikilvægt að laga umgjörð peningastefnunnar að breyttum aðstæðum. Kerfi fastgengis hefði ekki hentað í umhverfi frjálsra fjármagnsflutninga og því var að flotgengiskerfi tekið upp og Seðlabankanum sett verðbólgu markmið. Með þessu hefði verið lögð áhersla á stöðugleika í verðlagsmálum. Hagkerfið og vinnu- markaðurinn hefðu tekið miklum breytingum og menntakerfið þurfti að mæta því



Útdráttur úr erindi Einars Páls Tamimi, lektors í HR, á Iðnþingi

Staða smáríkja í Evrópusamstarfi

Einar Páll sagði m.a. að mikilvægt væri að gera sér grein fyrir því að staða smáríkja í Evrópusamstarfinu og borgara þeirra hefði ekki þróast með sama hætti óháð því hvort þau tilheyra ESB eða EFTA. Reyndar væri munurinn svo mikill að rétt væri að fjalla um hina ólíku stöðu hvora í sínu lagi.

Einar Páll sagði að fyrir tilkomu Maastricht samningsins hefði flestar mikilvægar ákvarðanir í Efnahagsbandalaginu þurft að taka með einróma ákvörðun í ráðherraráðinu. Þar sem meirihluta var ætlað að ráða hefði framkvæmdin verið sú að meirihlutavaldi hafði ekki verið beitt ef eitt aðildarríki lýsti því yfir að um mikilvæga hagsmuni þess væri að ræða. Á þeim tíma hafði ráðherraráðið verið nánast einvaldur þegar kom að löggjöf í EB. Í reynd hefði hvert og eitt aðildarríki þess í raun haft neitunarvald í flestum mikilvægum málum, annaðhvort að lögum eða í raun. Staða smáríkja hefði því verið mjög hagstæð en breyttist í veigamiklum atriðum þegar Maastricht samningurinn kom til sögunnar. Fram að þeim tíma hefði vægi smáríkja í EB verið úr hófi fram mikið og ekki í neinu samræmi við pólitískan og efnahagslegan styrk þeirra að ekki væri talað um íbúafjölda.

Aukin völd þingsins áfall fyrir smærri ríki ESB

Einar Páll sagði að Maastricht samningurinn hefði breytt þessu landslagi í veigamiklum atriðum. Þeim málaflokkum, þar sem meirihlutavald réð úrslitum við atkvæðagreiðslu í ráðherraráðinu fjölgaði mjög og Evrópuþingið hefði fengið neitunarvald gagnvart löggjöf af ýmsu tagi. Hin auknu völd þingsins urðu nokkurt áfall fyrir stöðu smærri ríkja innan þess sem þá orðið hét Evrópusambandið enda þingmenn þeirra sárafáir samanborið við þingmenn stærri ríkja. Einar taldi að stækkun Evrópusambandsins og ríkjandi viðhorf þess bentu öll í sömu átt og þróun síðustu ára héldi áfram og málaflokkar, þar sem einstök ríki hefðu neitunarvald og þar sem þingið væri áhrifalaust, týndu tölunni á endanum.



Minnkandi völd smáríkja ekki tengd efnahag þegnanna

Einar Páll taldi athyglisvert að minnkandi áhrif smáríkjanna virtust ekki endurspeglast í versnandi efnahag borgara þeirra. Þannig virtust hin pólitíska áhrif ríkjanna í Evrópusambandinu ekki vera með neinum hætti tengd efnahagslegri afkomu þegnanna og nefndi Lúxemborg og Finnland sem nærtæk dæmi. Efnisleg velferð borgara einstakra ríkja réðist því fyrst og fremst af því hvernig fyrirtækjum í ríkjunum hefði tekist að hagnýta innri markaðinn sér til hagsbóta.

Mikil áhersla lögð á smá og meðalstór fyrirtæki

Einar Páll sagði enn athyglisverðara að undanfarin ár hefðu tilteknir þættir í stefnu ESB orðið smáríkjunum hlutfallslega hagnýttari en stærri ríkjunum. Í smærri ríkjunum væru fyrirtæki að jafnaði minni en í þeim stóru. Smærri ríkjunum hefði orðið til sérstakra hagsbóta að ESB sneri af þeirri braut að leggja sérstaka áherslu á stórfyrirtæki sem gætu gert ESB samkeppnishæft á alþjóðamörkuðum. Nú væri allt gert til að smá og meðalstór fyrirtæki gætu þrífist og blómstrað enda ekki ný sannindi að stærsti hluti þjóðarframleiðslu yrði til í slíkum fyrirtækjum.

Smáríki í ESB ekki með öllu áhrifalaus

Þegar metin væri staða smáríkjanna sjálfra, annars vegar í Evrópusambandinu en hins vegar í EFTA, blasti við að áhrif þeirra á ákvarðanatöku um þær reglur sem gildi í ESB og gjörvöllu Evrópska efnahagssvæðinu, hefðu minnkað verulega frá því í aðdraganda EES-samningsins og á fyrstu árum hans. Helstu beinu áhrif smáríkjanna

í ESB fælust í að öðru hverju lentu þau í oddaðstöðu þegar reynt væri að ná saman svonefndum vegnum meirihluta í ráðinu. Vegna þessa reyndu stærri ríkin í ESB að hafa smáríkin góð með því að taka sérstakt tillit til mikilvægra hagsmuna þeirra og reyndu að ná samkomulagi um sem flest atriði. Þannig væru smáríkin ekki algerlega áhrifalaus þar sem þau sætu við borðið og gætu tekið þátt í pólitískum hrossakaupum.

Pólitísk staða smáríkja hefur versnað en efnahagur þeirra batnað

Einar Páll sagði að það sem eftir væri af áhrifum smáríkjanna í ESB kristallaðist hins vegar í algeru áhrifaleysi smáríkjanna í EFTA. Þau kæmu hvergi nærri borðinu og hefðu engin atkvæði til að versla með í ráðinu. Þau nytu engrar tillitssemi sem hugsanlegir handhafar atkvæða sem fellt gætu mál fyrir stærri ríkjum síðar og hefðu ekki önnur tromp á hendi. Þannig hefði staða smáríkja bæði í ESB og EFTA versnað í Evrópusamstarfinu en sýnu meira í EFTA. Spurningin væri hins vegar hvort þetta skipti nokkru máli og hvort ekki ætti frekar að horfa til hagsmuna borgaranna en hagsmuna ríkja. Væri það gert benti allur raunhæfur samanburður í tíma og rúmi til þess að efnahagur þeirra hefði batnað umfram hag borgara stærri ríkja. Staða smáríkja í ESB hefði óneitanlega breyst en ekki endilega versnað en slæm staða EFTA borgara hefði breyst í óásættanlega stöðu hvað varðaði lýðræðislega þátttöku í stjórnkerfinu sem þeir væru settir undir.

Íbúar í smáríkjum ESB gætu vel unað við sinn hlut en hvað varðaði íbúa smáríkja EFTA væri þeim, sem fyndist efnahagsleg velferð mikilvægari en lýðræði, engin vorkunn en þeir, sem legðu áherslu á þátttöku í stjórn eigin málefna, gætu vart verið með öllu ánægðir.

Sjá nánar á vefsetri SI www.si.is

Þóra Kristín Jónsdóttir tók saman



Hulda G. Mogensen, gjaldkeri SI lét nýlega af störfum. Hún var kvödd með virktum á árshófi Samtakanna. Sveinn Hannesson þakkaði henni áratuga farsælt starf í þágu iðnaðarins.

væri ekki minni. Stjórnámálemenn þyrftu að vera á varðbergi og yrðu það. Íslenska þjóðin þyrfti sömuleiðis að veita hinum nýju valdhöfum aðhald. Þeir ættu ekki að fá tæki-færi til að ofbjóða þjóðinni og sitja á einhvers konar friðarstóli.

Sjá nánar á vefsetri SI www.si.is

Þóra Kristín Jónsdóttir tók saman



*Bjarni Ármannsson
forstjóri Íslandsbanka,
framhald af bls. 7*

markaður setti innlendum vexti skorður og erfiðara væri að auka hagkvæmni með stækkun. Þetta væri ein ástæða þess að íslenskt efnahagslíf snerist að verulegu leyti um útflutning og útrás inn á stærri markaði erlendis. Smæðin hindraði einnig vöxt fyrirtækja af samkeppnisástæðum. Því væri ljóst að þegar kæmi að innviðum hagkerfisins gæti smæðin verið dýr. Hins vegar hefði lítið samfélag aðra kosti sem þau stærri og svífaseinni skorti.

Litið fram á veginn

Bjarni sagði Íslendinga geta horft bjart sýnum augum fram á veginn. Fyrst þyrfti að ljúka því verki sem hafið var fyrir 10 árum og stíga skrefið til fulls í átt frjálshæðis og hagræðingar en brýnast væri þó að stjórnvöld einbeittu sér að trúverðugleika í peningamálum og ríkisfjármálum. Það skapaði skilyrði fyrir lækkun raunvaxtastigs og þar með greiðslubyrði almennings af húsnæðislánum. Hagaræðið fælist ekki í ríkisábyrgð af slíkum skuldbindingum. Þótt við hefðum lagað umhverfi okkar að mestu að innri markaði ESB stæðum við enn utan þess og brýnt væri að við nýttum þá stöðu okkur til hagsbóta og frekari ávinnings. Með skattalækkun fyrirtækja hefði t.d. verið skapað hagfellt umhverfi fyrir viðskiptalífið og þar með góð almenn lífsskjör í landinu. Skapa þyrfti grundvöll fyrir framtak einstaklinga og skilyrði til vaxtar og viðgangs fyrirtækja.

Sjá nánar á vefsetri SI www.si.is

Þóra Kristín Jónsdóttir tók saman



*Vilmondur Jósefsson
formaður SI,
framhald af bls. 5*

mest hefðu þau ríki að vinna sem hefðu búið við langvarandi óhagræði af verðbólgu og gengissveiflum.

Stoðirnar þrjár

Framundan væri nú frekari uppbygging stóriðju hér á landi. Ljóst væri að innan örfárra ára byggðust útflutningstekjur okkar á þremur nokkuð jafnöflugum stöðum: Áli og iðnaðarvörum – sjávarafurðum – og tekjum vegna flutninga-, ferða- og fjármálaþjónustu. Þetta væri grundvallarbreyting í íslensku atvinnulífi.

Lýðræðisleg samtök

Undir lok ræðu sinnar sagði Vilmondur m.a. að SI hefðu frá upphafi lagt mikla áherslu á að virkja félagsmenn í stefnumótun. Haldnir hefðu verið stefnumótunarfundir og niðurstöðurnar verið hafðar að leiðarljósi í starfinu. Með vorinu væri stefnt að því að enn verði lagðar línur með nýrri

stefnumótun til næstu 10 ára. Tilgangurinn væri að hafa ávallt skýrar línur í starfinu til að vinna félagsmönnum og iðnaðinum í landinu sem best gagn.

Sjá nánar á vefsetri SI www.si.is

Þóra Kristín Jónsdóttir tók saman



*Árni Magnússon,
félagsmálaráðherra,
framhald af bls. 6*

atvinnulífinu væru að hans mati a.m.k. á mörkum þess að standast siðferðilega mælikvarða.

Mikilvægt að stjórnámálemenn standi vaktina

Undir lok ræðu sinnar sagði Árni m.a. að eitt mikilvægasta hlutverk stjórnámannanna um þessar mundir væri að standa vaktina. Ábyrgð þeirra væri mikil en ábyrgð þeirra sem hann hefði fjallað um

Ágæti félagsmaður í Félagi vinnuvélaeigenda

Margt hefur breyst í umhverfi vinnuvélaeigenda á þeim 50 árum sem liðin eru frá stofnun Félags vinnuvélaeigenda. Þegar betur er að gáð er raunar afar fátt sem ekki hefur breyst á þessari hálfu öld. Vélarnar hafa eðlilega tekið stórstíguum breytingum til batnaðar, orðið stærri, öflugri og betri.



Elías Pétursson, formaður



Aðrir þættir hafa einnig breyst því að þá var enginn útboðsmarkaður og öll verk unnin í tímavinnu. Þá þótti sjálfsagt að hið opinbera annaðist sjálft eigin framkvæmdir í stað þess að fela þær öðrum líkt og nú er gert. Bæjarfélög og stofnanir ráku öflugar framkvæmdadeildir sem sáu um verklegar framkvæmdir. Vegagerðin var með marga vinnuflokka bæði í brúar- og vegagerð og sinnti nær alfarið viðhaldi jafnt sem nýframkvæmdum.

Fyrirtækin á hinum frjálsa markaði voru fámenn og þáttur einyrkja var stór. Verklag hefur að sjálfsgöðu mikið breyst og hið sama á við um gerðir véla. Einnig er athyglisvert hvernig viðfangsefni einstakra vélategunda hefur breyst. Sem dæmi má nefna að í upphafi vinnuvélaaldar voru notaðar jarðýtur við gerð húsgrunna. Einnig hafa komið fram nýjar tegundir eins og traktorsgrafan sem kom fyrst á markaðinn um 1960 og hefur verið áberandi í



Vélskófla International/Drott

vélakostinum æ síðan. Sérhver vélartegund hefur átt sitt blómaskeið en vikið síðan fyrir nýrri og hentugari tækjum, Broyt gröfurnar viku fyrir hjólagröfum sem nú aka fyrir eigin vélarafli milli verkstaða.

Viðfangsefni félagsins hafa líka breyst mikið. Í upphafi var barátta við innflutningsyfirvöld áberandi auk sífelldrar baráttu



Úr malarflokki Vegagerðarinnar. Priestman Woolf ca. árgerð 1945. Myndin er tekin í efnisgryfju hjá Ormsá í Hrutafirði, rétt utan við Brú 1960. T.v. er Björn Dagbjartsson, gröfustjóri, t.h. er Ragnar Árnason, verkstjóri. Í bakgrunni er TD14 jarðýta. Ljósmynd: Elís Jónsson

við verðlagsyfirvöld um hækkun verðskrár. Nú þarf enginn að spyrja yfirvöld eða fá leyfi til að flytja inn nýja vél og opinbert verðlagseftirlit heyrir sögunni til. Samræmd verðskrá hefur einnig verið af lögð. Í staðinn hafa komið ný baráttumál einkum á sviði útboðsmála. Barist er fyrir bættu verklagi við útboð, lagfæringum á opinberri skattheimtu á reksturinn og aukinni menntun. Þótt rekstrarumhverfið og vélarnar hafi gjörbreyst virðast verkefnið vera óþrjótandi.

Vélaflutningur um Holtavörðuheiði úr safni Baldurs Kristensen 1952



Beltaskófla Caterpillar D4 árgerð 1945



Viðtal við Ólaf Þorsteinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra Valar hf.

Brot úr 50 ára sögu Félags vinnuvélaeigenda

Félag vinnuvélaeigenda fagnaði hálfar aldar afmæli sínu í tengslum við Útboðsþing í janúar sl. en félagið var stofnað 7. desember árið 1953 á skrifstofu Almenna byggingafélagsins hf. í Reykjavík. Tilgangur félagsins var að efla samstarf vinnuvélaeigenda og gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra.



Ólafur Þorsteinsson

Stofnendur voru 9 talsins en þeir voru: Jón G. Halldórsson, f.h. Almenna byggingafélagsins hf., Valdimar Þórðarson, framkvæmdastjóri, Helgi Lárusson, Haraldur Bjarnason, fyrir hönd Goða hf., Benedikt Sveinsson, f.h. Benedikts og Gissurar hf., Gunnar Guðmundsson, Sigurjón Magnússon f.h. Þungavinnuvéla hf., Bárður Óli Pálsson f.h. Jarðýtunnar sf. og Hans Wíum f.h. Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Vorið áður hafði verið komið á fót nefnd til undirbúnings félagsstofnunar. Í nefndinni voru Jón G. Halldórsson, Valdimar Þórðarson og Bárður Óli Pálsson. Þeir höfðu þegar samið drög að lögum fyrir félagið og fundarmenn fengið þau í hendur fyrir stofnfundinn. Drögin voru samþykkt samhljóða sem lög félagsins á fundinum.

Fyrstu stjórn skipuðu þeir Jón G. Halldórsson, sem var formaður, Bárður Óli Pálsson, og Haraldur Bjarnason. Jón var formaður félagsins til ársins 1987 eða í rúm 34 ár en aðrir formenn voru Steingrímur Jónasson frá 1987-95, Magnús E. Baldursson frá 1995 til 2002 en núverandi formaður er Elías Pétursson.

Hvatinn að stofnun félagsins

Ólafur Þorsteinsson, fyrrum framkvæmdastjóri Valar, telur engan vafa leika á því að framkvæmdir á vegum hersins á Keflavíkurflugvelli hafi átt stóran þátt í að ráðist var í að stofna félagið. Hann segir að stofnun Sameinaðra verktaka og vinna þeirra fyrir bandaríska verktaka hafi skapað þenslu á vinnuvélamarkaði og þörfin á að halda reiðu á hlutunum hafi því aukist. Sumir vinnuvélaeigendur hafi verið aðilar að Sameinuðum verktökum en aðrir ekki.

Félögum fjölgar

Félagsmönnum fjölgaði hægt og bítandi til að byrja með. Þeir voru orðnir 20 árið

1960 en 15 árum síðar hafði þeim fjölgað í 160 en síðan þá hefur fjöldi félagsmanna lítið breyst. Ólafur segir þá einkum hafa verið af tvennum toga frá upphafi, annars vegar einyrkja sem eiga eina vél og vinna á henni sjálfir en hins vegar fyrirtæki sem eiga fleiri vélar og eru jafnframt verktakar. Í þeim hópi eru m.a. allmargir garðyrkjumenn.

Gjaldskráin þungamiðja starfsins árum saman

Eitt helsta verkefni félagsins í hartnær 40 ár var að gefa út gjaldskrá fyrir vinnuvélar. Tilgangurinn var upphaflega sá að láta reikna út rekstrarkostnað fyrir vinnuvélar en einnig að veita upplýsingar um verðbreytingar sem urðu á rekstrarkostnaði vélanna á tilteknu tímabili. Lengst af var gjaldskráin háð verðlagseftirliti eða um tuttugu ára skeið. Í lögum Félags vinnuvélaeigenda var t.d. ákvæði þess efnis að væri ekki eftir henni farið yrdi viðkomandi sektaður.

Gjaldskráin hafði einnig að geyma helstu skilmála um leigu á vinnuvélum, skilgreiningu á helstu vinnuvélum og félagaskrá. Hún var gefin út þar til sett voru lög sem bönnuðu útgáfu verðskrár.

Gjaldskráin var merkilegt gagn en mikið notuð við útboðsgerð af hálfu verkkaupa og tilboðsgerð verktaka.

Fyrstu áratuginna var gjaldskráin gefin út einu sinni til tvisvar á ári en þegar kom undir lok sjöunda áratugarins fór verðbólgan á fljúgandi ferð og árið 1980 var verðskráin gefin út sjö sinnum en átta sinnum árið eftir. Félagið reiknaði út rekstrarkostnaðinn og birti í gjaldskránni ásamt tölum sem verðlagseftirlitið samþykkti og þar gætti oft mikils mismæmis milli þeirra talna, vinnuvélaeigendum í

óhag. Þar gat munað allt að 50 af hundraði þegar verst lét. Þetta ástand stóð í vegi fyrir eðlilegri þróun greinarinnar að mati Ólafs.

„Verðlagseftirlitið var stjórnvaldstæki sem beitt var til að halda verðbólgunni í skefjum og allir undir þetta seldir. Svo hart var barist að stjórn félagsins sá sig eitt sinn knúna til að ganga á fund forsætisráðherra til að reyna að ná fram leiðréttingu mála sinna. Ráðherrann brá skjótt við og stuðlaði að því að gjaldskráin var strax hækkuð um 56 prósent,“ segir Ólafur.

Íslenskir verktakar taka við framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli

Ólafur Þorsteinsson heldur því fram að það hafi haft afgerandi áhrif á þróun verklegra framkvæmda hér á landi þegar íslenskir verktakar tóku við verkefnum fyrir varnarliðið en bandarískir verktakar höfðu áður haft allar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli á sinni könnu. Um þetta leyti voru stofnaðir Íslenskir aðalverktakar sem áttu eftir að verða umsvifamiklir á velli og tóku í raun við þeim framkvæmdum sem bandarískir verktakar höfðu áður haft á hendi.

Þessu samfara, á árunum 1953–1958, sáu bandarísk og íslensk yfirvöld til þess að fjöldi íslenskra vinnuvélstjóra og iðnaðarmanna hélt til náms í Bandaríkjunum. Þar dvöldust þeir í þrjá til fjóra mánuði við nám, sem m.a. fólst í verkstjórnun með tilliti til notkunar og viðhalds vinnuvéla og iðnaðarmennirnir að sama skapi í sínum greinum. Ennfremur kynntust þeir vinnubrögðum verktaka hver á sínu sviði víða í Bandaríkjunum. Ólafur segir að þessi yfirtaka verklegra framkvæmda á velli hafi tekist með ágætum að því er hann viti best.

Merkur áfangi í fræðslumálum vinnuvélstjóra

Menntun vinnuvélstjóra og kjaramál hafa ævinlega tengst störfum Félags vinnuvélaeigenda. Ólafur segir að framan af hafi gætt nokkurs losarabragts varðandi réttindamál vinnuvélstjóra en árið 1966 var byrjað að halda námskeið fyrir vinnu-



höfðu alla tíð mikil áhrif á hvort menn fengu verk. Hins vegar segir Ólafur að áhrif aukinna útboða í verk, einkum á vegum ríkis og sveitarfélaga, hafi breytt miklu fyrir félagsmenn. Þar með urðu þeir verktakar með aukna eigin ábyrgð á afkomu sinni í stað þess að vinna verkin í tímavinnu í skjóli annarra. Þá varð lyklatríði að skila markvissri vinnu á sem skemmstum tíma.

Félagsmenn hafa jafnan verið eindregnir stuðningsmenn útboða og samninga um verk sem byggjast á samkeppnistilboðum. Vinnuvélaeigendum, sem vinna eingöngu í tímavinnu, hefur farið mjög fækkandi á undaförnum árum. Ólafur segir að þrátt fyrir ýmsar misfellar varðandi útboð séu verktakar eindregnir stuðningsmenn útboða og samninga um verk sem byggjast á samkeppnistilboðum.

Ólafur segir að verktakar hafi þá trú að með starfsemi þeirra aukist hagsæld í landinu en til að svo megi vera þurfi þeir að eiga gott samstarf við stjórnvöld. Vinnubrögð varðandi verkefnaval og útboð þurfi að vera yfirveguð og upplýsingastreymi milli aðila að vera gott. Hann telur að lykillinn að farsælli þróun verktakastarfsemi sé að streymi verkefna sé sem jafnast og komi með skipulegum hætti án tilviljana og ódagots en ekki síður að verktakinn fái sanngjarna greiðslu fyrir unnið verk.

Gott samstarf við Samtök iðnaðarins

Félag vinnuvélaeigenda hefur átt aðild að Samtökum iðnaðarins frá stofnun þeirra árið 1993. - Ólafur segir að samstarf félagsins og SI hafi alla tíð verið með ein-

vélstjóra en þau námskeið sem tengdust kjaramálum. Mönnum varð ljóst að bætt menntun allra, sem í verktakaíðnaðinum störfuðu, væri undirstaða framfara í greininni. Hins vegar náðist merkur áfangi í fræðslumálum þeirra árið 1982 þegar komst á vísir að vinnuvéla skóla sem skyldi sjá um grunn- og framhaldsnámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla. Þetta byggðist á tillögum sem nefnd setti fram í árslok 1978 fyrir tilstilli aðila vinnuarkaðarins og iðnaðarráðuneytisins. Í þeirri nefnd áttu sæti Jón G. Halldórsson, Gunnar Hákonarson og Sigurður Þórarinnsson en Ólafur var formaður nefndarinnar. Áður höfðu verið haldin námskeið öðru hverju í húsakynnum Vinnuveitendasambandsins eða úti á landi en eftir þetta voru þau lengst af haldin á vegum Iðntæknistofnunar. Nú orðið eru námskeið fyrir vinnuvélstjóra haldin á vegum tveggja aðila, Nýja ökuskólans og Iðntæknistofnunar en útgáfa réttinda-skírteina er á hendi Vinnueftirlits ríkisins. Nú mega engir stýra slíkum vinnuvélum nema handhafar skírteinisins. Þessi námskeið eru auglýst reglulega og eru nánast alltaf í gangi að sögn Ólafs.

Harðnandi samkeppni með útboðum

Áreiðanleiki, heiðarleiki og gott orðspor



Priestman

dæmum gott og það hafi notið góðs af málefnum sem Samtökin hafa beitt sér fyrir, s.s varðandi útboð og gæðastýringu en síðast en ekki síst af þjónustusamningi við Samtökin. „Sá samningur er félaginu mjög hagstæður,“ segir Ólafur, „þar sem Samtökin hýsa félagsstarfið og sjá um framgang þeirra mála sem vinna þarf að og hafa því framkvæmdastjórn félagsins á sinni könnu.“

Félag vinnuvélaeigenda hefur unnið að mörgum og fjölbreyttum baráttumálum sem varða framgang greinarinnar gegnum tíðina. Þau eru flest tengd verkalýðsmálum, útboðsmálum, tilhögun framkvæmda vítt og breitt um landið og almennu siðferði í vinnubrögðum. „Að þessu hefur verið unnið í samstarfi við aðra svo sem Verktakasamband Íslands á sínum tíma, Samtök iðnaðarins, verkalýðsfélögin og Samtök atvinnulífsins. Allt eru þetta langtímaverkefni sem aldrei verður lát á til að þróunin verði fram á við. Ef slakað er t.d. á gömlu kjörorði Vertakasambandsins og Félags vinnuvélaeigenda: Landið einn markaður, er hætt við að stutt verði í hrepparólitkina,“ segir Ólafur Þorsteinsson að lokum.

Ólafur óskar Félagi vinnuvélaeigenda til hamingju með hálfra aldar afmælið og árnar því allra heilla um ókomin ár.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Stórar vinnuvélar við Kárahnjúka 2003



Jarðýtan Óðinn - Caterpillar D 7E PS

Um langt árabil voru Caterpillar D 7 E F og G „sjöurnar“ í fremstu víglínu jarðvegsframkvæmda á Íslandi en hafa nú þokað fyrir stærri vélum og breyttum áherslum. Hér verður í fáum orðum sagt frá einni slíkri.



Óðinn kom siglandi með Tröllafossi frá Reykjavík til Patreksfjarðar undir kvöld þann 22. febrúar árið 1964, bundinn á lestarlúgu aftur undir brú. Hásjáv-að var þegar Tröllafoss lagðist að og lunningin á annan metra yfir hafnarbakkanum. Ekki var um annað að ræða en að aka vélinni frá borði og láta ráðast með landtökuna. Hún tókst giftusamlega því að Tröllafoss hallaði sér hæfilega undan þunga ýtunnar og henni var ekið í land sem á jafnsléttu væri. Þegar þunganum sleppti og skipið tók kröftugt bakfall munaði þó litlu að riftönnin lenti innan lunningar en snarræði ýtustjórans, Ara Ívarssonar, kom í veg fyrir það.



Sumarið 1999 var þessi mynd tekin af Óðni í malarnámu við bæinn Fell í Tálknafirði. Snáðarnir, sem standa á rippnum, eru Reynir og Jónas Haukssynir



Óðinn á vinnusvæði í Arnarfirði sumarið 1980. Forþjappan úr mótornum var í viðgerð hjá Heklu hf. og því er húddhlíf ekki á sínum stað

Eigendur Óðins voru fimm: Ari Ívarsson Patreksfirði, Bjarni Sigurbjörnsson Hænuvík, Magnús Ólafsson, Vestur Botni, Marínó Kristjánsson, Efri-Tungu og Ólafur Sveinsson, Sellátranesi. Nokkrir þeirra höfðu í allmörg ár rekið jarðýtur sem allar báru nöfn úr norrænni goðafræði. Þetta voru Ásaþór TD 14 vél árgerð 1949, upphaflega keypt og starf-rækt af sýslusjóði Vestur-Barðastrandarsýslu, Sleipnir, einnig TD 14 árg. 1954, Mjöllnir var BT 20 árg. 1962 og sú fjórða og stærsta Caterpillar D 7E, framleiðslunúmer 48A 2817, var nefnd Óðinn. Sú vél var þá ein fullkomnasta ýta, sem flutt hafði verið til landsins, með öllum helsta búnaði jafnvel nútíma jarðýtna. Hennar biðu mikil verkefni í vegagerð í sýslunni því að stórir áfangar voru á döfinni.

Lengst af stjórnadi Bjarni í Hænuvík Óðni, oftast við annan mann í vaktavinnu á sumrin. Óðinn skilaði miklu verki en mun hafa verið nokkuð þungur í viðhaldi. Veikleikar voru í hönnun þessara véla, sem voru lagfærðir með nýrri endurbættri gerð árið 1966. Vinnusvæði Óðins var að mestu bundið við Barðastrandarsýslu. Þar voru verkefni næg og sú tíð ekki gengin í garð að þau væru sótt landshorna á milli.

Til hægri: Ásaþór á hlaðinu á Laugabóli sumarið 2003. Ásaþór ruddi fyrrum vegi um skriður og klungur Barðastrandarsýslu, bæði Þingmannaheiði og Klettháls en bíður nú hljóður þess er verða vill



FWD - bíll með snjóplóga í bak og fyrir Myndin er tekin á Hellisheiði að því best er vitað



Þegar kom fram á áttunda áratugin dró úr umsvifum þessa vélarekstrar og vélarinnar seldar ein af annarri: Ásaþór varð heimilisýta á stórbúi Jóns Guðjónssonar á Laugabóli í Nauteyrarhreppi, Sleipnir var seldur Svavari Guðbjartssyni frá Lambavatni, sem gerði hana út í mörg ár. Hermann Jóhannesson í Hjallatúni keypti Mjöllni og að lokum keypti Magnús í Botni hlut féлага sinna í Óðni og eignaðist hann að fullu. Magnús gerði Óðin út í allmörg ár meðan heilsa og kraftar entust. Til að létta sér rekstur vélarinnar keypti hann tvær áþekkar vélar til niðurriffs, eina frá Jarðýtunni hf. og aðra frá Veli hf. í Reykjavík. Hjálþúsir nágðrannar réttu honum hjálparhönd þegar mikið lá við og því tókst að halda Óðni gamla í góðu og gagnlegu ástandi. Nokkru fyrir andlát Magnúsar árið 1999 komst Óðinn í eigu Skanda hf. í Tálknafirði og er þar í góðri umhirðu og notuð þegar færi gefst.

Óðinn mun vera elsta vél sinnar tegundar sem varðveitt er í nothæfu ástandi.


Haukur Júlíusson - Hvanneyri

Gæðastjórnun – öryggismál

Hugtökin tvö virðast ólík við fyrstu sýn en eiga ótrúlega margt sameiginlegt þegar betur er að gáð. Gæðastjórnun felst í því að hafa góða stjórn á hlutum, skilgreina mikilvæga stjórnunar- og vinnuferla, gera áætlanir og fylgja þeim eftir með markvissum hætti. Til þess að ná árangri í rekstri og stjórnun þurfa þessi atriði að vera í lagi og þar eru öryggismál engin undantekning enda eru þau hluti af gæðastjórnunarkerfi viðkomandi fyrirtækis.

Samkvæmt reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingavinnustöðum, sem tóku gildi 1997, skal leggja áherslu á að skilgreina hlutverk verkkaupa, verkefnisstjóra, atvinnurekenda, verktaka og samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana bæði á undirbúnings- og framkvæmdastigi. Þessar reglur voru settar með hliðsjón af tilskipun sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu.

Tilkynna ber Vinnueftirlitinu á þar til gerðu eyðublaði þegar um er að ræða vinnustaði þar sem ráðgert er að vinna standi lengur en 30 vinnudaga og þar sem



fleiri en 20 starfsmenn vinna samtímis eða um er að ræða byggingarvinnustað þar sem ráðgert er að unnin séu fleiri en 500 dagsverk.

Svar verktakans við kröfum verkkaupa varðandi öryggismál á að vera sjálfsgæður hluti af gæðatryggingu hans og öryggis- og eftirlitsáætlunin á að falla auðveldlega inn í innra gæðaeftirlit hans.

Nýjar reglur Vinnueftirlitsins um öryggismál

Vinnueftirlitið hefur gefið út vandað fræðslu- og leiðbeiningarrit um málið þar sem finna má skilgreiningar og leiðbeiningar um allt sem varðar öryggismál við framangreindar aðstæður.

Með þessum nýju reglum koma til fjórar nýjar áherslur:

- ábyrgð og aðkoma verkkaupa að öryggismálum
- skipun samræmingaraðila á undirbúnings- og framkvæmdastigi
- gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar þegar tveir eða fleiri atvinnurekendur eða verktakar eru samtals með fleiri en 10 manns í vinnu á byggingarsvæðinu
- tilkynning til Vinnueftirlitsins um framkvæmdir

Samtök iðnaðarins og helstu verkkaupar landsins hafa tekið höndum saman í samráði við Vinnueftirlitið og skilgreint nánar ábyrgð helstu stjórnenda og eftirlitsaðila við verklegar framkvæmdir miðað við hefðbundið vinnulag þeirra við útboð og stjórnskipulag. Sú skilgreining gerir ráð fyrir að verkkaupar framselji aðalverktakanum hlutverk sitt í þessu efni.

Ábyrgð verkaupa felst í að:

- tryggja að skipaðir verði samræmingaraðilar á undirbúnings- og framkvæmdastigi

- vera sjálfur eða fela öðrum, t.d. aðalverktaka eða byggingarstjóra, að vera samræmingaraðili og gera öryggis- og heilbrigðisáætlun á undirbúnings- og framkvæmdastigi
- leggja mat á hvort áætlun samræmingaraðila á framkvæmdastigi er í samræmi við ráðgjöf samræmingaraðila á undirbúningsstigi
- tryggja að Vinnueftirlitinu sé tilkynnt um framkvæmdir
- tryggja eftirlit með því að öryggis- og heilbrigðisáætluninni sé framfylgt
- skilgreina og kynna hlutverk umsjónarmanns verkkaupa (sjá skilgreiningu IST-30, 17.5.1) (í reglum Vinnueftirlitsins nefnist sami aðili verkefnisstjóri)
- bregðast við ábendingum umsjónarmanns sé ekki farið eftir áætluninni eða hún ekki fullnægjandi

Ábyrgð samræmingaraðila felst í að:

- gera öryggis- og heilbrigðisáætlun
- framfylgja áætluninni
- bæta við áætlunina eftir því sem verkinu miðar áfram

Ábyrgð umsjónarmanns verkkaupa felst í að: (IST-30, 17.5.1)

- staðfesta að áætluninni sé fram fylgt
- gera samræmingaraðilanum viðvart ef áætluninni er ekki framfylgt
- vara verkkaupa við ef samræmingaraðili hunsar ábendingar hans

Ábyrgð aðal- og undirverktaka felst í að:

- taka þátt í að gera öryggis- og heilbrigðisáætlun
- kynna öllum starfsmönnum áætlunina
- framfylgja áætluninni
- leggja til starfsmenn til að gera reglubundna úttekt á áætluninni

Samtök iðnaðarins munu á næstu misserum kynna aðildarfélögum sínum þessa framsetningu og bjóða almenn námskeið í gerð, notkun og eftirfylgni öryggis- og heilbrigðisáætlunar í samstarfi við verkkaupana og Vinnueftirlitið.

Ferdinand Hansen



Nýir félagsmenn Samtaka iðnaðarins

Prokaria ehf.
Gylfaflöt 5
112 Reykjavík
Starfsemi: Líftækni

Byggingafélagið Viðar ehf.
Bæjarlind 14-16
201 Kópavogur
Starfsemi:
Byggingaverktaka

Stefnumótun líftæknifyrirtækja – fyrstu niðurstöður

Samtök iðnaðarins stóðu ásamt hópi fyrirtækja á sviði líftækni, fyrir vinnufundum um stefnumótun og framtíðarsýn í greininni. Unnið er samkvæmt þeim stefnumótunaraðferðum sem Samtökin hafa þróað og nú liggja fyrir niðurstöður fyrsta vinnufundar þar sem meginlínur í sameiginlegri framtíðarsýn, forsendum og áhersluverkefnum greinarinnar hafa verið lagðar. Í kjölfarið verður gerð framkvæmdaáætlun til að hrinda helstu áhersluverkefnum í framkvæmd.

Helstu vinnufyrirsagnir í framtíðarsýninni, eins og hún liggur fyrir núna, eru :

Meginmarkmið -Árangur

1. „Líftæknieyjan“ - arðbær og öflug fyrirtæki á háu tæknistigi
2. Ísland - líftæknieyjan í norðri, landið þar sem sprotarnir vaxa og dafna
3. Margföld verðmætasköpun - fullnýting auðlinda
4. Viðtækt samstarf hefur efti íslenskan líftækni iðnað og bætt framleiðslutækni og vörur



- Samkeppnisstyrkir
- Stofnanir keppi ekki við fyrirtæki um fé til nýsköpunar
- Sameining rannsóknastofnana - sameining atvinnuvegaráðuneyta
- Samstarfsvettvangur líftæknifyrirtækja
- Samtök líftæknifyrirtækja
- Líftækniþópur SI samtök líftæknifyrirtækja - stofnun líftækni samtaka

Davíð Lúðvíksson

Helstu forsendur árangurs eru skilgreindar eftirfarandi:

Forsendur árangurs

1. Samstarf fyrirtækja í nýja tæknigarðinum leggur grunn að góðum árangri í líftækni iðnaðinum
2. Stóruaukin framlög stjórnvalda og aukin þátttaka fjármálastofnana í líftækni iðnaði veldur straumhvörfum í greininni.
3. Skilningur stjórnvalda á starfsumhverfi líftæknifyrirtækja
4. Öflug samtök líftæknifyrirtækja skila miklum árangri í alþjóðlegri markaðssetningu
5. Rannsóknir og þekkingaruppbygging í líftækni stóreflast með auknu fjármagni og við tilkomu tæknigarðs (í Vatnsmýrinni)
6. Ísland virkur þátttakandi í alþjóðasamstarfi á sviði líftækni

Áhersla á fjármögnun og samstarf líftæknifyrirtækjanna

Eins og fram kemur í framtíðarsýn og forsendum líftækni-fyrirtækjanna eru helstu áhersluverkefni þeirra á sviði fjármögnunar og samstarfs fyrirtækjanna um sameiginleg hagsmunamál auk markaðs- og þróunarmála. Meðal helstu forgangsverkefna sem fram komu eru:

- Nýsköpunarsjóður - framtaksfjárfestar - sjóðasjóðir
- Þátttaka lífeyrissjóðanna í innlendra nýsköpun
- Nýir framtaksfjárfestingarsjóðir lífeyrissjóða, orku-fyrirtækja og stórfjármagnseigenda
- Stórefldur Nýsköpunarsjóður atvinnulífs
- Tækniþróunarsjóður/sprotar - milljarður á ári -



Málmur mótar framtíðarstefnu sína

Á aðalfundi Málmur, samtaka fyrir-tækja í málm- og skipaiðnaði, á dög- unum var mörkuð stefna félagsins sem miðar að því að íslenskur málmíðnaður verði orðinn öflugur og sérhæfður árið 2010 og rekin verði arðsöm fyrir-tæki á alþjóðlegum markaði.

Í þessari sýn á framtíðina er gengið út frá því að sá árangur sem þegar hefur náðst í útflutningi véla, tækja og skipa, verði lagður grunnur enn frekari útrásar á því sviði. Ennfremur er gert ráð fyrir að útflutningur á ýmsum vélbúnaði og þjón- ustu fyrir stóriðju hafi eflst mikið og verði orðinn enn einn hornsteinninn að virkri þátttöku íslensks málmíðnaðar á alþjóða- markaði.

En ekki nægir að sjá þessa framtíð í ljós- rauðum bjarma og hafast ekki að. Því er hluti af stefnumótuninni að lýsa hvernig samtökin og aðildarfyrirtækin hyggjast vinna að því að ná þessu markmiði og hvaða verkefnum þarf að sinna svo að

framtíðarsýnin verði að veru- leika.

Um þessar mundir er vinna við skilgreind verkefni í tengslum við framtíðarstefnu- na að hefjast innan Málmur og hjá Samtökum iðnaðarins. Þá framtíðarsýn og forsendur hennar ásamt með viðfangs- efnum, sem unnið verður að á næstu misserum, má lesa í heild sinni á vefsetri Samtaka iðnaðarins – si.is – undir félög og starfs- greinahópar - málmíðnaður.

Á aðalfundi Málmur var ennfremur fjallað um fyrstu tillögur að verkefni til að auka framleiðni í greininni en það var talið eitt af forgangsverkefnum í stefnumótuninni. Miklar umræður urðu um ofangreind efni á fundinum enda eru þau afrakstur víða- mikillar vinnu sem unnið hefur verið innan Málmur síðustu mánuði.

Nýr formaður var kosinn: Brynjar Haraldsson, Frostverki en aðrir í stjórn



Málmur eru: Bolli Árnason, GTTækni, Guðmundur Tulínus, Slippstöðinni, Gunn- ar Már Þórðarson, Stálverki, Hallgrímur Hallgrímsson, Ósey, Jón Dan Jóhannsson, Sandblæstri og málmhúðun, Magnús Aadnegard, Véla- og skipaþj. Framtæki, Sigurður Guðni Sigurðsson, Skaganum og Þorvaldur Hallgrímsson, Hellu.

Ingólfur Sverrisson

Fjarnámskeið og þjónusta um nýjungar á sviði smárásatækni

Samtök iðnaðarins eru þátttakendur í verkefnum „System-On-Chip“ sem miðar að því að þjálfa og upplýsa tæknimenn fyrirtækja um framfarir á sviði smárásatækni (microelectronic) í tengslum við framleiðslu ýmissa tækja og íhluta.

Norræni iðnaðarsjóðurinn styrkir verk- efnið og þátttakendur eru samtök upplýs- ingatækni- og rafeindafyrirtækja á Norðurlöndum og í Eystrasaltlöndunum. Þátt- takendur koma einnig frá norrænu há- skóla- og rannsóknastofnunum*; KTH í Svíþjóð, TUT í Finnlandi, DELTA í Dan- mörku og SINTEF í Noregi.

Ráðgjöf um smárásatækni

Einn mikilvægasti hluti verkefnisins er námskeið fyrir tæknimenn fyrirtækja sem starfa á sviði smárásatækni eða nýta þá



tækni í framleiðsluvörum sínum. Nú hafa verið þróuð námskeið á sviði „Systems modelling“, „Processor design“ og „Co- design of embedded systems“ sem verða í boði í fjarkennslu.

Í tengslum við námskeiðin býðst fyrir- tækjum einnig ráðgjöf um smárásatækni og þá í tengslum við framleiðsluvörur við- komandi fyrirtækja.

Skráning hafin

Skráning á námskeiðin er hafin en þau hefjast 19. apríl næstkomandi. Hvert nám- skeið er áætlað um 40 kennslustundir og

gefur 1,5 ECTS kredit. Námskeiðsgjald er 500 evrur.

Einstakt tækifæri

Tæknimenn í fyrirtækjum og nemendur á tæknisviði eru hvattir til að nýta þetta einstaka tækifæri til að fræðast um ný- ungar og fá ráðgjöf á sviði smárásatækni hjá helstu tækniháskólum og rannsókn- stofnunum á Norðurlöndum á því sviði.

Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á vefsetri verkefnisins: www.soc-sme.net og þar fer skráning einnig fram.

Guðmundur Ásmundsson

*KTH: Kungliga Tekniska Högskolan, Stockholm

TUT: Tampere University of Technology, Tampere

DELTA: Danish Electronics, Light & Acoustics,

Köbenhavn

SINTEF: Electronics and Cybernetics, Oslo

Viðhorfskönnun meðal bakara

Í byrjun mars stóð markaðssvið SI fyrir viðamikilli viðhorfskönnun meðal aðildarfyrirtækja Landssambands bakarameistara. Markmiðið var að kanna viðhorf þeirra til félagsins, um samskipti, félagslíf, áherslur í starfi, reksturinn, markaðsstarfið, menntamálin og fleira. Ennfremur var ætlunin að fá sem gleggstar upplýsingar sem nýst gætu fyrirtækjunum og stjórn félagsins við skipulagningu og framkvæmd áhersluverkefna á komandi misserum sem og að komast að því hvað betur mætti fara. Yfirumsjón með könnuninni hafði Brynjar Ragnarsson markaðsstjóri SI og eru svör einstakra fyrirtækja trúnaðarmál.

Úr heildarniðurstöðum könnunarinnar má lesa að tímaleysi kemur í veg fyrir að margir bakara sinni félagsstarfinu eins mikið og þeir vildu en samt er eindreginn vilji þeirra að halda félagsstarfinu gangandi vegna samstöðunnar, félagsskaparins og samtryggingar og öryggis sem það veitir og flestir eru ánægðir með þá þjónustu sem þeir fá hjá skrifstofu SI.

Það er greinilegt að menn telja áttaksverkefni í markaðsmálum skila árangri og mikill meirihluti vill leggja mesta áherslu á þann málaflokk. Það er líka greinilegt að



fyrir almenningi og eins til að auka aðsókn að námi í bakaraíðni.

Þátttaka í könnuninni var mjög góð og félagsmenn lýstu mikilli ánægju með að ráðist skyldi í að gera hana.

Nordbag sýningin haldin í Herning

Norræna bakarásýningin, Nordbag, var haldin í Herning á Jótlandi dagana 28.-31. mars síðastliðinn. Sýningin er haldin þriðja hvert ár og hefur jafnan verið fjölsótt af íslenskum bökurum og svo var einnig nú.

37 manna hópur fór á vegum LABAK og Samtaka iðnaðarins og margir Íslendingar voru á eigin vegum. Íslenskt lið tók í fyrsta sinn þátt í bakarakeppninni „Coupe d'Europe“ eða Evrópubíkarkeppninni í brauðbakstri sem haldin var á sýningunni. Keppendur fyrir Íslands hönd voru sigur-

vegararnir úr baksturskeppni bakaríanna og Bakó, frá í fyrra, Jón Rúnar Arilíusson og Arnar Snær Rafnsson, auk Andrésar Magnússonar. Dómari af hálfu Íslands var Ingólfur Sigurðsson. Íslensku keppendurnir stóðu sig af stakri þrýði, eins og vænta mátti, og það var samdóma álit allra Íslendinganna á svæðinu að þeir hefðu átt skilið eitt af þremur verðlaunasetum en svo fór þó ekki, því miður. Samtök iðnaðarins óska keppendum til hamingju með frammistöðuna.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Spurt var í hvaða mánuðum væri mest og minnst að gera og voru svör metin skv. ofangreindri stigatöflu.

Niðurstöður könnunarinnar eru birtar í heild sinni undir flokknum Starfsgreinahópar/Matvælaíðnaður á vefsetri SI, www.si.is.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Breytingar í stjórn LABAK

Aðalfundur Landssambands bakarameistara var haldinn laugardaginn 13. mars. Þær breytingar urðu á stjórn félagsins að Guðni Andreasen, Guðnabakaríi á Selfossi, sem verið hefur formaður frá 1997, gekk úr stjórn og lét af formanns-embættinu eftir langt og farsælt starf.

Í hans stað var Reynir Carl Þorleifsson, Reyni bakara í Kópavogi, kjörinn formaður en hann var í stjórninni fyrir. Ragnar Rögnvaldsson, Bakaranum á hjólinu, gekk úr stjórn að eigin ósk. Tveir nýir meðstjórnendur komu inn í stjórnina, þeir Sigurður Enoðsson í Hérastubbi í Grindavík og Sigurgeir Erlendsson, Geirabakaríi í Borgarnesi. Aðrir í stjórn LABAK eru Hjálmar Jónsson, Sveinsbakaríi og Jóhannes Felixson, Hjá Jóa Fel, báðir í Reykjavík.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Veðurvarnir við byggingastarfsemi

Það er kunnara en frá þurfi að segja að bygging húsa og annarra mannvirkja er háð árstíðum og veðri. Þannig er þessu háttað hvarvetna á byggðu bóli og svo sannarlega einnig á Íslandi þar sem veðurfar er afar umhleypingasama.



Jónas Frímansson

Áður en tækniöld hélt innreið sína og vinna við byggingar studdist við vöðvafl og frumstæðan búnað, mátti heita að öll slík vinna utan dyra færi fram að sumarlagi. Frost í jörðu, illviðri, snjór og myrkur gerðu það að verkum að aðrar árstíðir voru óhentugri til byggingarvinnu.

Veður og árstíð skipta byggingariðnað æ minna máli

Á nokkrum síðustu áratugum hefur þetta gjörbreytt á þann veg að veður og árstíð

skiptir minna máli fyrir framkvæmdir en áður var. Stórvirkar vinnuvélar, raflýsing, veðurvarnir og búnaður af ýmsu tagi valda því. Jafnframt þessari þróun hafa menn farið að líta á byggingastarfsemi eins og framleiðsluðnað þar sem áhersla er lögð á skipulagningu og hagræðingu í vinnuferli. Hið sama á að sjálfsgöðu við um starfsemi við byggingar eins og annað, að æfingin skapar meistarann og stöðugleiki þarf að vera fyrir hendi ef árangur á að nást.

Norrænt verkefni um veðurvarnir í byggingastarfsemi

Um tveggja ára skeið hefur vinnuhópur verið að störfum með það að markmiði að afla upplýsinga um stöðu mála á Norðurlöndum að því er varðar veðurvarnir við byggingastarfsemi. Á grundvelli þeirra er ætluð að semja leiðbeiningar sem nýst geta byggingariðnaðinum til að bæta veðurvarnirnar og auka þar með hagræðingu í starfsgreininni. Með þessu er stefnt

að því að auka framleiðni og lækka byggingakostnað til langs tíma lítið.

Fulltrúar atvinnulífs og rannsóknastofnana fimm Norðurlanda vinna að þessu verkefni sem nýtur stuðnings Nordisk Industrifond; Norræna iðnaðarsjóðsins. Stjórnandi verkefnisins er Poul Henrik Due hjá Teknologisk Institut í Danmörku.

Viðamikil söfnun upplýsinga hefur farið fram og hafa þær verið skráðar að hluta til á vef Nordisk Industrifond; www.nordic-innovation.net undir heitinu Weather Protection Systems, skammstafað WPS. Stefnt er að því að ljúka verkefninu á þessu ári.

Veðurvarnir skila miklum árangri

Niðurstöður WPS hópsins gefa ótvírætt til kynna að aukin áhersla á veðurvarnir við byggingaframkvæmdir skili árangri í formi meiri gæða á unnu verki, fækkunar slysa og óhappa en einnig í formi hagræðingar sem felst í því að jöfnun vinnuálags gerir kleift að bæta framleiðni og lækka kostnað.

Byggingaframkvæmdir eru sveiflукenndar og magn framkvæmda ræðst á hverjum tíma af ýmsum þáttum. Hinir helstu þeirra eru þessir:

1. **Árstíð**, breyting veðurfars milli árstíða
2. **Veður**, breyting veðurs milli daga eða vikna
3. **Eftirspurn** eftir húsnæði og framkvæmdum
4. **Efnahagsástand**

WPS verkefnið beinist fyrst og fremst að fyrstu tveimur þáttunum. Hér á eftir verður sérstaklega skoðaður þáttur 1., árstíðasveiflur í byggingaframkvæmdum.

Vísbending um árstíðasveiflu fæst með því að skoða línuritin.


Mynd 1. Fjöldi starfsmanna í byggingariðnaði

Hér kemur í ljós að starfsmenn eru flestir í júlí og ágúst en færstir í febrúar og mars. Hlutfallið þar á milli er um 1.3. Samkvæmt þessu eru starfsmenn að jafnaði um 30 % fleiri að sumri en vetri.


Mynd 2. Sementssala frá Sementsverksmiðju ríkisins

Á síðustu tveimur áratugum tuttugustu aldar var Sementsverksmiðja ríkisins

Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3



markaðsráðandi á Íslandi og magn selds sements gefur því góða hugmynd um steypuframkvæmdir. Hér kemur í ljós mikil árstíðasveifla. Að meðaltali voru seld um 5000 tonn í nóvember en um 15000 tonn í maí. Hlutfall milli mestu og minnstu sölu er um þrír. Samkvæmt þessu eru framkvæmdir um 200% meiri að sumri en vetri.

Mynd 3. Fjöldi útboða hjá Framkvæmdasýslu ríkisins og Reykjavíkurborg

Skráður er fjöldi sjálfstæðra útboða hjá framangreindum stofnunum (án tillits til stærðar). Í janúar hafa verið skráð 6 útboð en 55 í maí eða nærri níu sinnum fleiri. Þetta veitir glögga vísbendingu um að ríki og borg bjóða flest verk út á vorin.

Þjóðhagslega brýnt að dreifa framkvæmdum yfir allt árið

Veðurvarnir í byggingariðnaði stuðla að auknu öryggi starfsmanna og meiri verk-gæðum. Með því að beita veðurvörnum gefst einnig kostur á að jafna framkvæmdir milli árstíða og bæta um leið framleiðni í byggingariðnaðinum. Sú tilhögun að bjóða verk út og semja um þau að vori, þannig að þau megi vinna um sumarið, á rætur að rekja til fyrri atvinnuhátta þjóðarinnar sem nú eru horfnir. Með nútíma verk-tækni og búnaði er unnt og æskilegt að dreifa framkvæmdunum yfir árið. Þannig gefst byggingariðnaðinum tækifæri til að nálgast það að verða raunverulegur „iðnaður“ þar sem hagræðing næst með þjálfun, vél-væðingu og stöðlun, í stað þess að halda áfram að vera árstíðabundin atvinnustarfsemi með óhagkvæmum rekstri og lágrí framleiðni.

Þeir opinberu aðilar og aðrir, sem annast útboð og framkvæmdir, þurfa að breyta verklagi sínu til samræmis við þetta og dreifa framkvæmdum betur yfir árið. Við verjum miklum fjármunum til húsbýgginga og alls konar mannvirkjagerðar. Þjóðhagslega séð er því um brýnt hagsmunamál að ræða.

Jónas Frímannsson,
Verkfræðingur



Við undirritun samnings

Tilraun um vinnustaðakennslu hafin

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, undirritaði fyrir skömmu samninga við fimm fræðsluaðila um þátttöku í tilraun um vinnustaðakennslu. Menntamálaráðherra þakkaði sérstaklega Samtökum iðnaðarins fyrir framlag þeirra til málsins. Hún sagðist vona að tilraunin tækist vel og yrði grunnur að nýju framtíðar-fyrirkomulagi vinnustaðakennslu.

Samtök iðnaðarins hafa á undanförmum árum beitt sér fyrir endurskoðun á vinnustaðakennslu og óskað eftir að yfirvöld menntamála taki ábyrgð á inntaki, framkvæmd og fjármögnun hennar. Barátta SI hefur m.a. leitt til þess að ríkisstjórnin ákvað í desember 2002 að fjármagna þá tilraun um vinnustaðakennslu sem nú er að hefjast.

Samkomulagið er mikilvægur áfangi í þessu máli. Starfshópur Samtaka iðnaðarins lagði fram hugmyndir að nýskipan vinnustaðakennslu í skýrslu, Fjárhagsleg ábyrgð á vinnustaðakennslu (sjá www.si.is), sem gefin var út 2001. Í kjölfarið skipaði Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, vinnuhóp sem skilgreina skyldi meginþætti málsins og gera „tillögur um leiðir til að koma þeim þáttum í framkvæmd sem aðilar verða sammála um.“ Vinnuhópurinn skilaði tillögum í sérstakri skýrslu í júlí 2002 og tók ríkisstjórnin ákvörðun um aðurnefnda tilraun á grundvelli hennar.

Í ágúst 2003 skipaði Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra, vinnuhóp til að hafa yfirumsjón með tilraun um vinnustaðanám

sem ráðuneytið hafði ákveðið að standa að. Vinnuhópnum, sem starfar fram á næsta ár, er ætlað að „fjalla á breiðum grunni um æskilegt fyrirkomulag vinnustaðanáms til frambúðar, ábyrgð á náminu og eftirlit með því, fjármögnun og skiptingu kostnaðar.“

Samkvæmt ákvæðum framhaldsskólalaga fer starfsnám bæði fram í skóla og á vinnustað eða eingöngu í skóla. Lögin kveða einnig á um gerð námskrár fyrir allt nám á framhaldsskólastigi. Hingað til hefur ekki verið hugað sérstaklega að inntaki vinnustaðanáms en með tilrauninni verður breyting þar á. Ritaðar hafa verið lýsingar fyrir vinnustaðanám í allmörgum greinum og verður leitast við að fylgja þeim í starfsnámi fyrir sex greinar: hársnyrtiðni, kjöt-iðni, prentsmíð, sjúkraliðanám, starfsnám fyrir verslunarstjóra og vélvirkjun. Í tilkynningu frá menntamálaráðuneytinu vegna þessa máls segir svo:

„Valin verða 18 fyrirtæki til þátttöku í tilrauninni og munu þau fá sérstaka greiðslu fyrir að fylgja lýsingu á vinnustaðanámi markvisst eftir í kennslu nemandi á vinnustað. Tilraunin stendur yfir næstu tvö árin og verði árangur af henni góður má ætla að hugað verði að breytingum á núverandi fyrirkomulagi vinnustaðanáms.“

Þeir fræðsluaðilar sem taka þátt í tilrauninni eru: Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins, Fræðsluráð hótél- og matvælagreina, Prenttæknistofnun, Sjúkraliðafélag Íslands og Viðskiptaháskólinn á Bifröst.

Ingi Bogi Bogason

Ný útgáfa kynningarrits um Samtök iðnaðarins



Sendum félagsmönnum
eintak þeim að kostnaðarlausu.
Pöntunarsími 591 0100.

Að vera handlaginn er ekki nóg

Taktu enga áhættu þegar
um fasteign er að ræða.

Tryggðu þér meistara og fagmenn
þegar vanda skal til verks

meist
arinn
is

þar sem þú finnur
fagmenn til verksins

Samtök iðnaðarins 2004.

Á ég að breyta í ehf?

Fræðslufundur um
kosti og galla þess að
breyta úr einka-
rekstri í einkahluta-
félag var haldinn 20.
mars undir merkjum
Akks - nýs þjónustu-
verkefnis SI fyrir
smærri fyrirtæki. Rétt
rífliga fjörutíu manns
sóttu fundinn sem
eingöngu var ætlað-
ur félagsmönnum í
SI.

Framsögumaður var
Jón Ásgeir Tryggva-
son, deildarstjóri hjá
ríkisskattstjóra. Hann
rakti mjög skilmerki-
lega þær breytingar á
skattalögum sem
orðið hafa hvati þess
fyrir marga að breyta
rekstrarformi fyrir-
tækis síns í einka-
hlutafélag. Því næst
fjallaði hann um þau
atriði sem ráða því
hvort fýsilegt er að
breyta um rekstrarform og þar fyrst
fremst saman rekstur undir eigin kennitölu



Við þessa ákvörðun ber að horfa til:

- Skatthlutfalls sem er lægra í ehf.
- Skattstofns, þar sem reglur eru almennt þær sömu en þó meira rými fyrir dagpeningagreiðslur, ökutækjastyrk og fleira hjá ehf.
- Kostnaðar við stofnun ehf. sem er t.d. kr. 84.980
- Kostnaðar við skattskil vegna ehf. sem er hærri en fyrir einstaklingsrekstur því að skila þarf ítarlega skattframtali.

(einstaklingsrekstur) og rekstur í einka-
hlutafélagi, þó að
sameignarfélag (sf.)
bæri einnig á góma.

Ljóst er að fyrir
flesta snýst spurn-
ingin um skattalega
hagkvæmni rekstrar-
forms einfaldlega um
það hvort og
hversu mikill arður
er af rekstrinum
eða nánar tiltekið
hvort hugsanlegt
er greiðslur einka-
hlutafélagsins til
eigandans geti
numið hærri fjár-
hæð en viðmið
ríkisskattstjóra um
reiknað endur-
gjald. Sé svo er
valið einfalt.

Sjá gögn frá
fundinum og
nánari upplýsingar
á vefsetri Samtaka
iðnaðarins
www.si.is

Kristrún Heimisdóttir



Svipmyndir frá árshófi Samtaka iðnaðarins







Íslenska ánægjuvogin

Niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar fyrir árið 2003 voru kynntar nýlega en þetta var í fjórða sinn sem ánægja íslenskra viðskiptavina fjölda fyrirtækja er mæld með þessum hætti. Úrtakið var um 11 þúsund manns úr þjóðskrá á aldrinum 15 til 75 ára.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson kom best út úr mælingunni þriðja árið í röð með 80,4 stig. Sparisjóðirnir urðu í öðru sæti með 76,5 stig en Vífilfell skipaði þriðja sætið með 74,6 stig. Röð tveggja efstu er óbreytt en Vífilfell kemur nýtt inn í þriðja sætið.

Við þetta tækifæri sagði Jón Dìðrik Jónsson, forstjóri Ölgerðarinnar: „Mér finnst hvað ánægjulegast að þetta skuli vera í þriðja skipti sem Ölgerðin nær þessum árangri en ekki síður að ánægja viðskiptavina Ölgerðarinnar skuli aukast þrátt fyrir sívaxandi samkeppni. Þetta sýnir svo að ekki verður um villst að fyrirtækið þróar og framleiddir vöru sem fellur viðskiptavinum þess vel í geð og Ölgerðin metur ánægju þeirra mjög mikils.“

Íslenska ánægjuvogin veitti sérstaka viðurkenningu þeim fyrirtækjum sem komu best út úr mælingum í fjórum ólíkum atvinnugreinum.


Í flokki framleiðslufyrirtækja var Ölgerðin Egill Skallagrímsson í fyrsta sæti og uppskar, eins og áður sagði, mestu ánægju allra fyrirtækja og hækkaði sig frá fyrra ári um 3,1 stig.

Í flokki fjármálafyrirtækja, þ.e. banka og tryggingafyrirtækja, urðu Sparisjóðirnir efstir og hækkuðu sig frá fyrra ári um 1,1 stig.

Í flokki veitufyrirtækja, þ.e. raforku-veitna og símafyrirtækja varð Hitaveita



Fulltrúar iðngreina



Suðurnesja í efsta sæti með 73,9 stig og hækkaði sig um 0,9 stig frá fyrra ári.

Í flokki smásöluvyrirtækja, þ.e. olúfélaga og stórmarkaða, lenti Nóatún í fyrsta sæti með 71,2 stig og hækkaði sig um 4,0 stig frá fyrra ári sem var mesta hækkan milli ára.

Í flokki byggingariðngreina

Nú var í fyrsta sinn mæld ánægja viðskiptavina smiða, pípulagningamanna, málara og múrara. Þessar greinar komu allar vel út úr mælingunum sem voru á bilinu 73,8 - 83,7 en smiðirnir fengu hvorki meira né minna en 83,7 stig sem verður að teljast mjög góður árangur.

Íslenska ánægjuvogin er félag, sem Samtök iðnaðarins, Stjórnvísí og Gallup, standa sameiginlega að um þátttöku í Evrópsku ánægjuvoginni. Markmið verkefnisins er að láta fyrirtækjum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina en einnig nokkrum öðrum þáttum sem hafa áhrif á hana, s.s. ímynd, mat á gæðum og tryggð viðskiptavina. Mæling sem þessi er talin mjög mikilvæg þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á að því ánægðari sem viðskiptavinir fyrirtækis eru því betri afkomu getur fyrirtækið gert sér vonir um.

Niðurstöður fyrir aðrar Evrópuþjóðir verða birtar í apríl eða maí en verið er að

vinna samantekt og samanburð á mælingum í 8-10 Evrópulöndum og Bandaríkjunum.

Verðmætin í ánægju viðskiptavina

Á fundinum flutti Ólafur Stephensen, aðstoðarráttgjafi Morgunblaðsins, stutt erindi sem hann nefndi „Verðmætin í ánægju viðskiptavina.“ Ólafur sagðist lengi hafa verið talsmaður slíkra mælinga því að upplýsingar fyrirtækja um eigin stöðu og samanburð við önnur fyrirtæki í sams konar rekstri innanlands sem utan væru afar mikilvægar. Hann sagði m.a. að slíkar mælingar hefðu tíðkast erlendis í áratugi og gætu haft áhrif á hlutabréf. Mikilvægi slíkra mælinga færi ekki milli mála og ánægja viðskiptavina væri raunveruleg verðmæti en þótt erfitt væri að festa hönd á þeim skiptu þau gengi fyrirtækja og fjárfesta mjög miklu máli. Rannsóknir við University of Michigan School of Business hefðu m.a. sýnt að breytingar á ánægju viðskiptavina hefðu forspárgildi fyrir verðmæti fyrirtækja. Fyrirtæki, sem hefðu áunnið sér ánægju viðskiptavina, skiluðu hluthöfum sínum meiri tekjum. Vitneskjuna um ánægju viðskiptavina og hvað hefur áhrif á hana ættu fyrirtæki að nýta til að bæta gæðastarf sitt, vöru og þjónustu.

Davíð Lúðvíksson